



www.fleet.vdo.com

Stafrænn ökuriti – DTCO 4.1®

Leiðarvísir fyrir verktaka og ökumenn

IS

VDO
Smart on the Road

Útgefið af

Varan sem lýst er

- Stafrænn ökuriti DTCO 1381 Release 4.1 (DTCO 4.1)

Framleiðandi

Continental Automotive Technologies GmbH
P.O. Box 1640
78006 Villingen-Schwenningen
Germany
www.fleet.vdo.com

Þýðing leiðarvísis úr frummáli

© 2023-01
Continental Automotive Technologies GmbH

Verk þetta er varið höfundarrétti. Réttindi sem þannig stofnast eru eign Continental Automotive Technologies GmbH fyrirtækisins.

Öll eftirprentun, þýðingar og fjölföldun er óheimil án skriflegs leyfis framleiðanda.

Þetta er frumrit skjal í eign Continental Automotive Technologies GmbH.

Vörumerki:

- DTCO® og KITAS® eru skráð vörumerki undir nafni Continental Automotive Technologies GmbH
- Bluetooth® er skráð vörumerki Bluetooth SIG, Inc.

Öll önnur skráð vörumerki eru notuð án sérstakrar tilvísunar til eiganda.

Efnisyfirlit

Útgefið af	2	2.3 Rétt notkun	18
1 Varðandi skjalið	9	3 Tækinu lýst.....	20
1.1 Upplýsingavernd	9	3.1 Skjáir og stjórnbúnaður	20
1.1.1 Persónugreinanleg ITS-gögn	10	3.2 Eiginleikar	20
1.1.2 Persónugreinanleg VDO-gögn	10	3.3 Einstök atriði skjá- og stjórneininga	21
1.2 Heiti.....	10	3.3.1 Skjár (1).....	21
1.3 Hlutverk þessa skjals	11	3.3.2 Valmyndarhnappar (2)	21
1.4 Markhópur.....	11	3.3.3 Kortarauf-1 (3).....	21
1.4.1 Geymsla	11	3.3.4 Samsettur hnappur Ökumaður-1 (4)	21
1.4.2 Viðmælandi	11	3.3.5 Samsettur hnappur Ökumaður-2 (5)	21
1.5 Tákn og varnaðarorð	12	3.3.6 Kortarauf-2 (6).....	21
1.6 Ítarefni.....	12	3.3.7 Afrifubrún (7).....	22
1.6.1 Stuttur leiðarvísir	12	3.3.8 Prentaraskúffa (8)	22
1.6.2 Upplýsingar á netinu	12	3.3.9 Niðurhalstengi (9).....	22
2 Í þágu öryggis	14	3.4 Mikilvægar stillingar (yfirlit)	22
2.1 Grundvallar öryggisábendingar.....	14	3.5 Bluetooth	22
2.1.1 DTCO 4.1 ADR (Ex-útfærsla).....	15	3.6 Á bið (skjár)	23
2.2 Lagaleg ákvæði	16	3.6.1 Farið úr biðstöðu	23
2.2.1 Ökumannskort: Skyldur ökumanns	16	3.7 ADR-útfærsla (Ex-útfærsla).....	23
2.2.2 Frávik frá lagaákvæðum.....	17	3.7.1 Sérstakar öryggisábendingar	23
2.2.3 Skyldur atvinnurekanda.....	17	3.7.2 Sérákvæði varðandi notkun	24
		3.8 Vinnsluhættir (yfirlit).....	24
		3.9 Ökuritakort (yfirlit)	26
		3.9.1 Ökumannskort.....	26

3.9.2	Fyrirtækiskort	27	4.4	Kort fjarlæggt	44
3.9.3	Eftirlitskort	27	4.5	Um meðferð korts	46
3.9.4	Verkstæðiskort	27	4.6	Gögnum hlaðið niður	46
3.9.5	Aðgangsheimildir að ökuritakortunum	27	4.6.1	Af ökumanns- eða fyrirtækiskorti.....	46
3.10	Vistuð gögn.....	29	4.6.2	Kennimerki gagnanna	47
3.10.1	Ökumannskort.....	29	4.6.3	Hlaðið niður af aðalminni.....	47
3.10.2	Fyrirtækiskort	29	4.6.4	Fjarstýrt niðurhal (valkostur).....	47
3.10.3	Aðalminni (tækisins).....	29	5	Það sem ökumaður stjórnar	49
3.11	Landamærastöð.....	30	5.1	Aðgerðir ökumannskorts.....	49
3.12	Tímabelti	30	5.2	Vakt hefst - Ökumannskort sett í	49
3.13	Skýringarmyndir (yfirlit).....	31	5.2.1	1. Kort sett í	49
3.14	Kennimerki landa.....	36	5.2.2	2. Stilla athöfn	53
3.14.1	Spænsk héruð	37	5.2.3	Sláðu inn land - handvirkt.....	53
3.15	Sjálfvirk virkni eftir að svissað er á/af (forstilling)	38	5.2.4	Hætt við innslátt	54
4	Stjórnun (almennt).....	40	5.3	Athafnir stilltar.....	55
4.1	Tilkynningar	40	5.3.1	Mögulegar athafnir	55
4.1.1	Skjámynd eftir að svissað er á	40	5.3.2	Skipt um aðgerð	55
4.1.2	Upplýsingar meðan á akstri stendur.....	40	5.3.3	Sjálfvirk stilling.....	55
4.1.3	Boð.....	42	5.3.4	Athafnir handskrifaðar	56
4.1.4	Skjámynd eftir svissað af	42	5.4	Hleðsla/losun (leiguflutningar)	57
4.2	Færa í valmyndir.....	42	5.5	Lok vaktar - Ökumannskort tekið úr.....	57
4.2.1	Valmyndir þegar ökutækið er kyrrstætt	42	5.6	Handvirkur innsláttur (innsláttur/ eftiráfærsla)	58
4.3	Setjið kort í.....	42	5.6.1	Krafið um kort á meðan handvirkum innslætti stendur	59
4.3.1	Tungumál	44			

5.6.2	Færa inn athöfnina Hvíldartími eftirá	60	7.2	Valmyndarborð tvö - Valmyndaraðgerðir	83
5.6.3	Athöfnum haldið áfram	61	7.2.1	Uppbygging valmyndar (yfirlit).....	83
5.6.4	Athöfnum haldið áfram og athafnir færðar fram fyrir aðrar	62	7.2.2	Farið yfir í valmyndaraðgerðir	84
5.7	Skipt um ökumann / ökutæki	63	7.2.3	Læsing Valmyndaraðgangur	85
5.7.1	Tilvik 1 - Teymisakstur	63	7.2.4	Farið úr valmyndaraðgerðum	86
5.7.2	Tilvik 2 - Lok vaktar	63	7.2.5	Valmyndaratriði Útprentun ökumaður-1/ökumaður-2	86
5.7.3	Tilvik 3 - Blandaður akstur.....	63	7.2.6	Valmyndaratriði Útprentun Ökutæki	88
5.8	Ökumannskort sett í í fyrsta skipti	64	7.2.7	Valmyndaratriði Innsláttur Ökumaður-1/ökumaður-2	91
5.8.1	Notkun gagna.....	64	7.2.8	Valmyndaratriði Innfærsla Ökutæki.....	94
5.8.2	Skráning rennur út.....	64	7.2.9	Valmyndaratriði Skjámynd Ökumaður-1/ökumaður-2	96
6	Stjórnun af hálfu atvinnurekanda.....	67	7.2.10	Valmyndaratriði Skjámynd Ökutæki	97
6.1	Aðgerðir fyrirtækiskorts.....	67	8	Boð.....	100
6.2	Valmyndaraðgerðir í fyrirtækisham.....	68	8.1	Boð og merking þeirra	100
6.3	Tilkynning - Fyrirtækiskort sett í.....	68	8.1.1	Einkenni boða	100
6.4	Sláið inn aðildarríki og auðkenni.....	70	8.1.2	Boð staðfest	101
6.5	Fyrirtækiskortið tekið úr	72	8.2	Sérstök boð	101
7	Valmyndir	75	8.2.1	Frágangsstaða	101
7.1	Fyrsta valmyndarborð - Staðalgildi	75	8.2.2	OUT (Farið út úr gildissviði)	102
7.1.1	Skjámynd þegar ökutækið er kyrrstætt	75	8.2.3	Ferja/ lestarferð	102
7.1.2	Tímar á ökumannskortinu birtir	76	8.3	Yfirlit yfir möguleg atvik.....	103
7.1.3	Tungumál stillt.....	77	8.4	Yfirlit hugsanlegar bilanir	106
7.1.4	VDO Counter (valkostur).....	77	8.5	Aksturstímaaðvaranir.....	108

8.5.1	VDO Counter-skjámynd (valkostur)	109	10.2.10	Hraðayfirlit (valkostur)	127
8.6	Yfirlit yfir hugsanlegar ábendingar um notkun	110	10.2.11	Snúningshraðayfirlit (valkostur).....	127
8.6.1	Notkunarábendingar til fróðleiks.....	113	10.2.12	Ísett ökuritakort.....	127
9	Prentun	116	10.2.13	Útrentun á staðartíma	128
9.1	Ábendingar vegna prentunar	116	10.3	Útskýringar á útrentunum	128
9.2	Hefja prentun	116	10.3.1	Skýringar við gagnabálka.....	129
9.3	Prentun stöðvuð.....	117	10.4	Gagnamengi þegar atvik eða bilanir koma fyrir	138
9.4	Setjið nýjan prentarapappír í.....	117	10.4.1	Kóðun Tilgangur gagnamengis	138
9.4.1	Pappír á þrotum	117	10.4.2	Kóðun fyrir nánari lýsingu.....	140
9.4.2	Skipt um pappírsúllu	117	11	Umhirða og prófunarljós.....	142
9.5	Pappírsstífla lagfærð.....	118	11.1	Þrif	142
10	Útrentanir	120	11.1.1	DTCO 4.1 hreinsaður	142
10.1	Útrentanir geymdar	120	11.1.2	Ökuritakort hreinsuð.....	142
10.2	Útrentanir (dæmi).....	120	11.2	Prófunarljós	142
10.2.1	Dagsútrentun öikumannskorts	120	12	Bilun lagfærð.....	145
10.2.2	Atvik/ Truflanir á öikumannskorti	122	12.1	Verkstæðið sér um gagnaöryggi.....	145
10.2.3	Dagsútrentun ökutækis	122	12.2	Yfir-/ undirspenna	145
10.2.4	Atvik/ Truflanir frá ökutæki	124	12.2.1	Straumrof	146
10.2.5	Ekið yfir leyfilegum hámarkshraða	125	12.3	Villa Kortasamskipti	146
10.2.6	Tæknilegar upplýsingar	125	12.4	Prentaraskúffa í ólagi.....	147
10.2.7	Athafnir ökumanns	126	12.5	Ökuritakorti kastað út sjálfkrafa	147
10.2.8	v-Skýringarmynd	126	13	Tæknilegar upplýsingar	149
10.2.9	Staða D1/D2 skýringamynd (valkostur)	126			

13.1 DTCO 4.1.....	149
13.2 Pappírsrúlla.....	150
14 Viðauki.....	152
14.1 Samræmisyfirlýsing/samþykki	152
14.2 Fylgihlutir að eigin vali	159
14.2.1 DLKPro Download Key-niðurhalslykill S ..	159
14.2.2 DLKPro TIS-Compact-tækið S	159
14.2.3 Remote DL 4G	159
14.2.4 Hreinsiskífur og hreinsiklútar	160
14.3 VDO Online Shop-verslun	160
15 Breytingayfirlit	162
15.1 Útgáfuyfirlit.....	162
Atriðisorðaskrá	163

Varðandi skjalið

Upplýsingavernd

Heiti

Hlutverk þessa skjals

Markhópur

Tákn og varnaðarorð

Ítarefni

Service Only!

Varðandi skjalið

■ Upplýsingavernd

Í reglugerð (ESB) 165/2014 sem og í núgildandi útgáfu framkvæmdareglugerðar (ESB) 2016/799 eru gerðar fjölmargar kröfur til DTCO 4.1 varðandi persónuvernd. DTCO 4.1 uppfyllir auk þess kröfur meginreglugerðar um persónuvernd (ESB) 2016/679 í núgildandi útgáfu.

Slíkt á einkum við um:

- Samþykki ökumanns varðandi vinnslu persónutengdra ITS-upplýsinga → *Persónugreinanleg ITS-gögn* [▶ 10]
- Samþykki ökumanns varðandi vinnslu persónutengdra VDO-upplýsinga → *Persónugreinanleg VDO-gögn* [▶ 10]

Eftir að ökumannskort er sett í fyrsta skipti í DTCO 4.1 birtist á ökuritanum fyrirspurn um það hvort ökumaður samþykki að unnið sé úr persónutengdum upplýsingum um hann.

ÁBENDING

Frekari upplýsingar varðandi persónuvernd, einkum varðandi umfang gagnaöflunar og gagnanotkunar er að finna hjá vinnuveitanda og/eða verkkaupa. Vinsamlegast athugið að Continental Automotive Technologies GmbH verður einungis úrvinnsluaðili að fyrirmælum vinnuveitanda/verkaupa.

ÁBENDING

Vinsamlegast athugið að hvenær sem er má afturkalla veitt samþykki. Þetta breytir ekki þeirri gagnavinnslu sem fram fór á grundvelli samþykkisins fram að afturköllun.
 → *Stillingum persónugreinanlegra ITS-gagna breytt* [▶ 92]
 → *Stillingum persónugreinanlegra VDO-gagna breytt* [▶ 92]

ÁBENDING

Gögnin eru vistuð í ökuritanum og kerfisbundið skrifað yfir þau þegar hámarksgagnamagni er náð, og byrjað á elstu færslunum hverri á fætur annarri - í fyrsta lagi eftir eitt ár.

Útvær tæki sem eiga samskipti við ökuritann geta náð í eftirtalin gögn, svo framarlega sem ökumaður hefur samþykkt skráningu þeirra.

ÁBENDING

Nánari upplýsingar um persónuvernd í tengslum við persónugreinanleg gögn er að finna á <https://www.fleet.vdo.com/support/faq/>.

1

► Persónugreinanleg ITS-gögn

Um persónuupplýsingar ITS (ITS: Greint flutningskerfi) eru til dæmis:

- Fornafn og eftirnafn ökumanns
- Númer ökumannsskorts
- Fæðingardagur

Samþykki þegar ökumannskortið er sett í fyrsta sinn → *Skráning rennur út* [64]

► Persónugreinanleg VDO-gögn

Eftirfarandi viðbótar persónuupplýsingar eru skráðar:

- D1/D2-stöðufærslur
- Yfirlit yfir snúningshraða vélar
- Hraðayfirlit
- 4 Hz-hraðamerki

Samþykki þegar ökumannskortið er sett í fyrsta sinn → *Skráning rennur út* [64]

ÁBENDING

Frekari upplýsingar um öflun gagna má fá hjá vinnuveitanda.

■ Heiti

Í þessum leiðarvísi eru notuð eftirfarandi heiti:

- DTCO 1381 Release 4.1 verður hér eftir nefndur DTCO 4.1.
- **Aðalviðmót** → *Skjáir og stjórnþúnaður* [20] á DTCO 4.1 er notaður til að hlaða niður gögnum og stilla breytu á DTCO 4.1.
- **AETR-samningurinn** (Accord Européen sur les Transports Routiers, Evrópska samkomulagið um flutning á vegum) hefur að geyma fyrirmæli um aksturs- og hvíldartíma í flutningaakstri yfir landamæri. Hann er því hluti þessara leiðbeininga.
- **Blandaður rekstur** merkir blönduð notkun ökutækja með hliðræna og stafræna ökurita.
- **Teymisakstur** merkir akstur með 2 ökumönnum.
 - Ökumaður-1 = Sá sem stýrir ökutækinu.
 - Ökumaður-2 = Sá sem ekki stýrir ökutækinu.

- **Aðalminni** er gagnaminni tækisins.
- **Out** (Out of Scope) merkir í leiðarvísinum að farið er út úr gildissviði reglugerðar.

■ Hlutverk þessa skjals

Þetta skjal er leiðarvísir og lýsir rétttri og fyrirskipaðri meðferð, samkvæmt reglugerð (ESB) 165/2014 **Digitalen Tachographen** (stafræna ökuritans) DTCO 4.1.

Leiðarvísirinn leiðbeinir við að fullnægja lagalegum fyrirmælum tengdum DTCO 4.1.

Skjalið sem hér um ræðir á við um DTCO 4.1. Það á ekki við um eldri gerðir tækja.

■ Markhópur

Leiðarvísirinn beinir orðum sínum til ökumanna og forráðamanna fyrirtækja.

Lesið leiðbeiningarnar vandlega og tileinkið ykkur tækið.

► Geymsla

Geymið leiðbeiningarnar ávallt innan seilingar í ökutækinu.

► Viðmælandi

Snúið ykkur til viðurkennds verkstæðis eða þjónustuaðila varðandi spurningar og óskir.

■ Tákn og varnaðarorð

SPRENGIHÆTTA

Ábendingin SPRENGIHÆTTA táknar **beina** ógn sem stafar af sprengingu.

Ef hún er hunsuð skapast hætta á alvarlegustu meiðslum eða bana.

VIÐVÖRUN

Ábendingin VIÐVÖRUN táknar **hugsanlega** ógn sem stafar af sprengingu.

Ef hún er hunsuð skapast hætta á alvarlegum meiðslum eða bana.

VARÚÐ

Ábendingin VARÚÐ táknar hættu á vægum meiðslum.

Ef hún er hunsuð geta smávægileg meiðsl hlotist af.

ATHUGIÐ

Ábendingin ATHUGIÐ hefur að geyma mikilvægar upplýsingar til að koma í veg fyrir gagnatap, skemmdir á tækinu og til að fylgja lagalegum kröfum.

ÁBENDING

ÁBENDING veitir ráðleggingar eða upplýsingar, en sé ekki farið eftir þeim getur það leitt til bilana.

■ Ítarefni

▶ Stuttur leiðarvísir

- Stuttur leiðarvísir ökumanns veitir fljótlega yfirsýn yfir helstu skref stjórnunar.

▶ Upplýsingar á netinu

Undir www.fleet.vdo.com má finna á netinu:

- Nánari upplýsingar um DTCO 4.1
- Forrit til að stjórna DTCO 4.1 í gegnum Bluetooth
- Upplýsingar um Third Party License
- Leiðarvísirinn á PDF-formi
- Samskiptaleiðir við viðmælendur
- Kröfur til útværra GNSS-loftneta sem nota á með DTCO 4.1

Í þágu öryggis

Grundvallar öryggisáþendingar

Lagaleg ákvæði

Rétt notkun

Service Only

Í þágu öryggis

■ Grundvallar öryggisábendingar

⚠ VIÐVÖRUN

Skert athygli þegar boð berast frá tæki

Hætta á skertri athygli í akstri skapast þegar boð birtast á skjánum eða þegar skífan færirst sjálfkrafa út.

- Látið slíkt ekki trufla, heldur beinið allri athygli að umferðinni.

⚠ VARÚÐ

Hætta á meiðslum við kortarauf

Þú og aðrir getið slasað ykkur á opinni kortarauf.

- Opnið kortaraufina eingöngu til að setja inn eða taka út ökuritakort.

⚠ ATHUGIÐ

Láta fara fram þjálfunarnámskeið hjá DTCO 4.1

Samkvæmt reglugerð (ESB) 165/2014 ber akstursfyrirtækjum að kenna ökumönnum sínum meðferð stafrænna ökurita og staðfesta þá kennslu.

Ef slíkt er látið undir höfuð leggjast má búast við fjársektum og aukinni ábyrgð í tjónstilviki.

- Sjáið ökumönnum fyrir reglubundinni kennslu.

⚠ ATHUGIÐ

Koma í veg fyrir skemmdir á DTCO 4.1

Til að koma í veg fyrir skemmdir á DTCO 4.1 skal fylgja eftirfarandi atriðum:

- DTCO 4.1 er settur upp og innsiglaður af starfsmönnum sem hafa tilskilin réttindi. Gerið engar breytingar á DTCO 4.1 eða leiðslunum.
- Færið eingöngu tilheyrandi ökuritakort í kortarauf.
- Notið aðeins samþykktar tegundir og þær pappírsrúllur sem framleiðandinn mælir með (upprunalegan VDO-prentarapappír).
→ *Setjið nýjan prentarapappír í [117]*
- Styðjið ekki á hnappana með beittum eða oddhvössum hlutum.

⚠ ATHUGIÐ**VIÐVÖRUN_Skemmið ekki innsigli og læsingar**

Annars er ekki hægt að viðurkenna DTCO 4.1 og gögnin ekki lengur trúverðug.

⚠ ATHUGIÐ**Ekki eiga við gögnin**

Óheimilt er að falska, leyna eða eyða skráningum ökuritans, ökuritakortunum eða útprentuðum gögnum.

⚠ ATHUGIÐ**Ekki gera breytingar áDTCO 4.1 og umhverfi þess**

- Það varðar við lög að gera breytingar á ökuritanum eða leiðslum hans sem hafa áhrif á

skráningu og vistun ökuritans, sérstaklega ef það er gert í blekkingarskyni.

- Ekki má gera breytingar innan 80 mm radíuss, einkum af tækjum með segulgeislun (t.d. DVD spilarar). Ekki er leyfilegt að festa málm- eða raffhluta.
- Þegar tæki eru notuð sem ekki eru hluti af staðalbúnaði ökutækisins þarf að tryggja að þau trufli ekki virkni (sérstaklega GNSS móttöku) ökuritans. Þetta getur leitt til samsvarandi færslu í bílanaminninu (ökuriti/ökumannskort).

▶ DTCO 4.1 ADR (Ex-útfærsla)

Allar upplýsingar (séreinkenni við stjórnun og mikilvægur öryggisáþendingar) er snerta EX-útfærslu ADR eru teknar saman í einum kafla til frekara yfirlits.

⚠ SPRENGIHÆTTA**Sprengihætta frá eftirspennu og opnum snertiflötum**

Í sprengifimu umhverfi skapast sprengihætta við það að virkja hnappa DTCO 4.1, setja skífu í, opna prentararás eða opna aðalviðmót.

- Farið að leiðbeiningum um flutning og meðferð á hættulegum varningi í sprengifimu umhverfi.

➔ ADR-útfærsla (Ex-útfærsla) [▶ 23]

■ Lagaleg ákvæði

⚠ ATHUGIÐ

Lagaleg ákvæði í öðrum löndum

Lagaleg fyrirmæli einstakra landa eru ekki tilgreind í leiðarvísinum og þarf að fara að þeim sérstaklega.

Notkun ökurita lýtur eftirfarandi reglugerðum og tilskipunum:

- Reglugerð (ESB) 165/2014
- Reglugerð (EB) 561/2006
- Tilskipun 2006/22/EB

Eins og hún er í gildi hverju sinni.

Með þessum reglugerðum leggur Evrópuþingið á herðar ökumanns sem og eiganda ökutækis (atvinnurekanda) fjöldann allan af skyldum og ábyrgð.

Auk þess ber einnig að fara að gildandi lögum viðkomandi lands hverju sinni.

Nefna má sérstaklega eftirfarandi meginatriði, án þess að um tæmandi upptalningu eða bindandi lagaforsendur sé að ræða:

► Ökumannskort: Skyldur ökumanns

- Ökumanninum ber að gæta þess að ökumannskortið og ökuritinn séu notuð á tilskilinn hátt.
- Viðbrögð við bilunum ökuritans:
 - Í undantekningartilvikum er hægt að halda ferð sinni áfram. Ökumaðurinn þarf að skrá niður á sérstakt blað eða á bakhlið pappírskrúllunnar þær athafnir þar sem upplýsingarnar sem ökuritinn skráir eða prentar ekki lengur villulaust.
 - ➔ *Athafnir handskrifaðar* [56]
 - Ef ekki er hægt að komast til baka á innan við 1 viku til starfsstöðvar fyrirtækisins þarf að færa ökuritann til viðgerðar á leiðinni.

- Gögn sem hafa skal meðferðis í blönduðum rekstri (notkun ökutækja með skrifaðar skýrslur og stafræna ökurita):
 - Ökumannskort
 - Daglegar útprentanir
 - Skrifaðar skýrslur
 - handskrifaðar skrár
 - ➔ *Skipt um ökumann / ökutæki* [63]

ÁBENDING

Prentað eyðublað er að finna á internetinu.

- Ef ökumannskort glatast, er stolið eða starfar ekki rétt: Ökumanninum ber að prenta út dagsútprentun í upphafi aksturs og að akstri loknum og merkja hana með persónuupplýsingum sínum. Ef nauðsynlegt er verður að bæta við tíma í viðbragðsstöðu og öðrum vinnustundum með eigin hendi.
 - ➔ *Athafnir handskrifaðar* [56]

- Ef ökumannskortinu er stolið þarf einnig að gera tilkynningu til lögreglu. Þá fyrst er hægt að óska eftir nýju korti hjá sveitarfélaginu með því að leggja fram lögregluskýrslu.
- Ef ökumannskort týnist þarf að gefa yfirlýsingu í stað eiðs svo hægt sé að fá nýtt kort. Ef gamla kortið finnst þarf að skila því.
- Ef ökumannskort skemmist eða bilar:
Sendu ökumannskortið til lögbærs yfirvalds.
Sækið um varakort innan 7 daga.
- Án ökumannskorts er leyfilegt að halda akstrinum áfram í 15 daga, ef það er nauðsynlegt til að flytja ökutækiað aftur til fyrirtækisins.
- Ef yfirvöld erlends aðildarríkis gefur út nýtt ökumannskort í staðinn: Tilkynnið viðkomandi yfirvöldum tafarlaust um ástæðuna.
- Ökumannskortið gildir í 5 ár. Eftir að gildistími ökumannskorts rann út þarf ökumaður að varðveita kortið í að minnsta kosti 56 almanaksdaga í ökutækinu.
- Ökumannskortið verður aðeins tekið út ef í ljós kemur að um fölsun er að ræða eða ef annar ökumaður notaði eða hefur notað kortið. Eða ef sótt var um ökumannskortið undir fölskum forsendum og/eða fölsuðum skilríkjum. Þetta þýðir að þótt ökuleyfissvipting verði eða akstursbann er sett getur kortið verið hjá ökumanni.

► Frávik frá lagaákvæðum

Til að tryggja öryggi fólks, ökutækis og farms getur verið nauðsynlegt að fara á svig við gildandi ákvæði laga.

Í slíkum tilfellum verður ökumaður að gera skriflega grein fyrir ástæðum þessa í síðasta lagi við komu á viðeigandi stöðvunarstað. Til dæmis:

- Á skrifaðri skýrslu
- Á útprentun frá DTCO 4.1
- Í vinnuskýrslu

► Skyldur atvinnurekanda

Kvörðun og viðgerð á DTCO 4.1 mega eingöngu viðurkennd verkstæði annast.

→ *Prófunarljós* [► 142]

- Eftir flutning ökutækis og ef ekki þegar gert:
Látið viðurkennt verkstæði færa eftirfarandi upplýsingar um kvörðun inn í DTCO 4.1:
 - Aðildarríki
 - Skráningarnúmer

2

- Tilkynnið fyrirtækið til DTCO 4.1 þegar farartækið er tekið í notkun eða þegar því er lagt.
➔ *Tilkynning - Fyrirtækiskort sett í [68]*
- Gangið úr skugga um að nægilega margar pappírsmúllur af leyfilegri gerð séu til staðar í ökutækinu, ætlaðar prentaranum.
- Fylgist með því að ökuriti starfi óaðfinnanlega, t.d. með því að stinga fyrirtækjakorti í.
- Virðið fyrirskipuð tímabil, sem gilda um eftirlit með ökurita: Prófun skal fara fram a.m.k. annað hvert ár.
- Hlaðið reglulega gögnunum niður úr minni DTCO 4.1 sem og úr ökumannskortunum og vistið gögnin á þann hátt sem lög segja fyrir um.
- Fylgist með því að ökumennirnir noti ökuritann í samræmi við reglur. Athugið aksturs- og hvíldartíma með reglulegu millibili og bendið á frávik ef einhver eru.

■ Rétt notkun

Stafræni ökuritinn DTCO 4.1 er skráningartæki sem fylgist með skráningu hraða, ekinna kílómetra og aksturs-/hvíldartíma.

Skjal þetta lýsir stjórnun stafræna ökuritans DTCO 4.1.

Upplýsingar sem ökuritinn vinnur og setur fram nýtast í daglegum viðfangsefnum:

- Þær aðstoða þig, ökumanninn, m.a. við að fara að umferðarfyrirmælum.
- Þær aðstoða þig, atvinnurekandann, við að hafa yfirlit yfir vinnu ökumanns og nýtingu ökutækis (með viðeigandi úrvinnslu-forritum).

Um ADR-útfærslu DTCO 4.1 gildir, að hana má eingöngu nota í samræmi við fyrirmæli ATEX-tilskipunar 2014/34/ESB.

ÁBENDING

DTCO 4.1 vottorðið rennur út eftir 15 ár. Þá er ekki lengur hægt að nota DTCO 4.1.

- Tilkynning verður send á gildistíma
- Dagsetning fyrstu notkunar ➔ *Tæknilegar upplýsingar [125]*

Tækinu lýst

Skjáir og stjórnbúnaður

Eiginleikar

Einstök atriði skjá- og stjórneininga

Mikilvægar stillingar (yfirlit)

Bluetooth

Á bið (skjár)

ADR-útfærsla (Ex-útfærsla)

Vinnsluhættir (yfirlit)

Ökuritakort (yfirlit)

Vistuð gögn

Landamærastöð

Tímabelti


Skýringarmyndir (yfirlit)

Kennimerki landa

Sjálfvirk virkni eftir að svissað er á/af (forstilling)

Tækinu lýst

■ Skjáir og stjórnbúnaður



Mynd 1: Framhlið DTCO 4.1

- (1) Skjár
- (2) Valmyndarhnappar
- (3) Kortarauf-1 með hlíf
- (4) Samsettur hnappur Ökumaður-1
- (5) Samsettur hnappur Ökumaður-2
- (6) Kortaraufortarauf-2 með hlíf
- (7) Rifbrún prentara
- (8) Prentaraskúffa
- (9) Aðalviðmót
- (10) Bluetooth-tákn

Fjarstýra má DTCO 4.1 með valkvæðum búnaði.

Til þess þarf:

- Ytra tæki með Bluetooth tengi, t.d. snjallsíma eða prófunartæki.
- Hentugur forritahugbúnaður (app) á ytra tækinu. Sjá www.fleet.vdo.com



Auðkenni ADR-útfærslu (Ex-útfærsla - valkostur)

ÁBENDING

Ekki má fjarlægja hlífur kortaraufanna, þær koma í veg fyrir að ryk og óhreinindi eða vatnsslettur berist þar!

- Hafið kortaraufar ávallt lokaðar.

■ Eiginleikar

Stafræni ökuritinn DTCO 4.1 með kerfishlutum hans er ökutækiseining ökurita eða stýribúnaðar af annarri kynslóð (snjall ökuriti V2) samkvæmt kröfum reglugerðarinnar (ESB) nr. 165/2014 sem og framkvæmdarreglugerð (EU) 2016/799 staðalviðauka I C í gildandi útgáfu.

DTCO 4.1 skráir stöðugt upplýsingar um ökumann og ökutæki.

Villur í íhlut, tækinu eða stjórnun birtast samstundis á skjánum og þær vistaðar.

Í ADR-útfærslunni er DTCO 4.1 í samræmi við ATEX-tilskipun 2014/34/ESB og ADR-samkomulagið, 9. hluta.

■ Einstök atriði skjá- og stjórneininga

► Skjár (1)

ÁBENDING

Það er ekki hægt að slökkva alveg á skjánum nema í biðham. Það er aðeins dimmað í lágmarksgildi.

Ekki er hægt að breyta birtuskilum og birtustigi skjásins.

Ljósdeygingu (eftir að drepið hefur verið á ökutæki) má breyta á verkstæði.

Það fer eftir notkunarstöðu ökutækisins, mismunandi skjár birtast eða hægt er að birta gögn.

► Valmyndarhnappar (2)

Eftirfarandi hnappar eru notaðir til þess að færa inn, birta eða prenta gögn:

▼ ▼ **Styðjið margsinns á hnappinn í umbeðna átt:** Flettið í valmyndarþrepinu yfir á umbeðna athöfn.

Haldið hnappi niðri: Flett áfram sjálfvirkt.

OK **Styðjið stutt á hnappinn:** Staðfestið aðgerð/val.

⏪ **Styðjið stutt á hnappinn:** Fara til baka á síðasta innsláttarreit, hætta við innfærslu lands eða fara í skrefum útúr valmyndarþrepi.

► Kortarauf-1 (3)

Ökumaður-1, sem mun stýra ökutækinu, setur ökumannskort sitt í kortarauf-1.

→ *Vakt hefst - Ökumannskort sett í* [49]

► Samsettur hnappur Ökumaður-1 (4)

⏪ **Styðjið stutt á hnappinn:** Skipt um athöfn.

→ *Athafnir stilltar* [55]

Haldið takkanum niðri (lág. 2 sekúndur): Opnið kortarauf.

► Samsettur hnappur Ökumaður-2 (5)

⏪ **Styðjið stutt á hnappinn:** Skipt um athöfn.

→ *Athafnir stilltar* [55]

Haldið takkanum niðri (lág. 2 sekúndur): Opnið kortarauf.

► Kortarauf-2 (6)

Ökumaður-2, sem ekki mun stýra ökutækinu þá stundina, setur ökumannskort sitt í kortarauf-2 (teymisvinna).

→ *Vakt hefst - Ökumannskort sett í* [49]

► Afrifubrún (7)

Á afrifubrún er hægt að rífa pappírs-útprentun prentarans af.

► Prentaraskúffa (8)

Prentaraskúffa þar sem prenrúlla er lögð í.

→ *Setjið nýjan prentarapappír í* [► 117]

► Niðurhalstengi (9)

Um niðurhalstengið fer niðurhal gagna og kvörðun fram (verkstæði).

Niðurhalstengi er undir hlíf.

Aðgangsréttindi að aðgerðum þessa tengis ráðast af ökuritakorti sem sett var í.

→ *Aðgangsheimildir að ökuritakortunum* [► 27]

■ Mikilvægar stillingar (yfirlit)

Mikilvægar stillingar á DTCO 4.1 eru til dæmis:

- Innsláttur skráningarnúmers og skráningarlands (hafi slíkt ekki verið gert á verkstæði)
→ *Sláið inn aðildarríki og auðkenni* [► 70]
- Athafnarskipti þegar svissað er af
→ *Sjálfvirk virkni eftir að svissað er á/af (forstilling)* [► 38]
- Skráning hraða- og snúningshraðaferla
→ *Hraðayfirlit prentuð út (valkostur)* [► 90]
- D1/D2 stöðugreining
→ *Vakt hefst - Ökumannskort sett í* [► 49]
- Skjámynd VDO Counter-teljara (valkostur)
→ *VDO Counter (valkostur)* [► 77]

■ Bluetooth

Hægt er að fjarstýra DTCO 4.1 með Bluetooth.


Til þess þarf:

- Ytra tæki með Bluetooth tengi, t.d. snjallsíma eða prófunartæki.
- Hentugur forritahugbúnaður (app) á ytra tækinu: www.fleet.vdo.com.

Virkja Bluetooth:

→ *Skráning rennur út* [► 64]


→ *Kveiktu/slökktu á Bluetooth* [► 92]

Þú getur séð að Bluetooth er virkt á venjulegu skjánum með „“ í efstu línu:
→ *Tilkynningar* [► 40].

Skráningarnúmer skráð inn

Með smáforriti tengdu er einnig hægt að skrá inn skráningarnúmerið og aðildarríki þar sem ökutækið er: www.fleet.vdo.com.

■ Á bið (skjár)

Í vinnsluhamnum *vinnsla*, sem þekktist á skjánum af skýringarmyndinni , fer DTCO 4.1 við eftirfarandi skilyrði í Stand-by-biðstöðu:

- Ekki er svissað á ökutækinu.
- Enginn boð eru til staðar.

Við boðin *Svissað af dofnar* skjárin.

Eftir u.þ.b. 1 mínútu (að vali notanda) slokknar alveg á skjánum – fer DTCO 4.1 í Stand-by-biðstöðu.

Hægt er að velja annað gildi fyrir ljósdeyfinu (á verkstæði).


► Farið úr biðstöðu

Farið er úr biðstöðu þegar ýtt er á einhvern hnapp, svissað á eða þegar aksturshlé er á enda.

Það kviknar aftur á skjánum; annað gerist ekki.

■ ADR-útfærsla (Ex-útfærsla)

ADR-útfærsla DTCO 4.1 er auðkennd á framhlið með Ex-tákni.



Mynd 2: Ex-tákn á framhlið

ADR-útfærsla DTCO 4.1 viðurkennd til notkunar í sprengifimu umhverfi.

- Ex-svæði: Svæði II
- Lofthiti: -20 °C til +65 °C

► Sérstakar öryggisábendingar

Í ADR-útfærslu DTCO 4.1 skal fara að eftirfarandi aukalegum öryggisábendingum:

SPRENGIHÆTTA

Farið að leiðbeiningum

- Farið að leiðbeiningum um flutning og meðferð á hættulegum varningi í sprengifimu umhverfi.

SPRENGIHÆTTA

Við að ferma og afferma hættulegan varning skal hafa hugfast:


- Báðar kortaraufar skulu vera lokaðar.
- Prentaraskúffan skal vera lokuð.
- Hlíffðarloka niðurhalstengis skal vera lokuð.
- Styðjið ekki á neina hnappa á ökurita.
- Það má ekkert verkstæðis-, eftirlits- eða fyrirtækjakort vera í.

► Sérákvæði varðandi notkun

Til að koma í veg fyrir sprengingu skal á viðeigandi hættusvæðum takmarka ADR-útfærslu á DTCO 4.1 með því að svissa af og stilla aðeins á innri aðgerðir (andstætt því sem gildir um staðalútfærslu).

Þú getur notað allar aðgerðir DTCO 4.1 utan hættusvæðisins þegar kveikt er á.




■ Vinnsluhættir (yfirlit)



Mynd 3: Skjár yfir vinnsluhætti

(1) Skjár yfir vinnsluhætti

DTCO 4.1 er með 4 vinnsluhætti, sem ráðast af ísettu ökuritakorti hverju sinni:

- Vinnsla  (ferð/ökumaður)
Staðalskjámynd með eða án ísettrar ökumannsskífu
→ Vakt hefst - Ökumannskort sett í [49]
- Fyrirtæki  (Atvinnurekandi)
Skjámynd eftir að fyrirtækiskort var sett í
→ Tilkypping - Fyrirtækiskort sett í [68]
- Eftirlit 
(ekki hluti þessa leiðarvísis)

- Kvörðun 
(ekki hluti þessa leiðarvísis)

Allt eftir því hvort og hvaða ökuritakort sett voru í skiptir DTCO 4.1 sjálfkrafa yfir í einn eftirfarandi vinnslumáta:

Yfirlit yfir rekstrarhami innsettra ökuritakorta						
Vinnslumátar		kortarauf-1				
		Ekkert kort	Ökumannskort	Fyrirtækiskort	Eftirlitskort	Verkstæðiskort
Kortarauf-2	Ekkert kort	Aksturshamur	Aksturshamur	Fyrirtæki	Eftirlitshamur	Kvörðunarhamur
	Ökumannskort	Aksturshamur	Aksturshamur	Fyrirtæki	Eftirlitshamur	Kvörðunarhamur
	Fyrirtækiskort	Fyrirtæki	Fyrirtæki	Fyrirtæki (*)	Aksturshamur	Aksturshamur
	Eftirlitskort	Eftirlitshamur	Eftirlitshamur	Aksturshamur	Eftirlit (*)	Aksturshamur
	Verkstæðiskort	Kvörðunarhamur	Kvörðunarhamur	Aksturshamur	Aksturshamur	Kvörðun (*)

(*) Í þessum stilingum notar DTCO 4.1 eingöngu ökuritakort sem sett var í kortarauf-1.

3

■ Ökuritakort (yfirlit)

Lögboðin ökuritakort fást, eftir viðkomandi umsóknarferli, hjá yfirvöldum viðkomandi ESB-aðildarríkis.

→ *Aðgangsheimildir að ökuritakortunum*
[27]

ÁBENDING

Nota má ökuritakort af fyrstu kynslóð samkvæmt (ESB) 3821/85, Viðauka I B, sem og annarri kynslóð samkvæmt framkvæmdareglugerð (EU) 2016/799, I C í núgildandi útgáfu.

Þó er aðeins hægt að nota verkstæðiskort annarrarkynslóðar.

Þeim sem eiga ökuritakort er heimilt að nota DTCO 4.1. Starfssvið og aðgangsréttindi eru háð ákvörðunum löggjafa.

→ *Aðgangsheimildir að ökuritakortunum*
[27]

ÁBENDING

Farið varlega með ökuritakortið og fylgið leiðbeiningum útgefanda fyrir ökuritakort til að koma í veg fyrir gagnatap.

► Ökumannskort

Með ökumannskorti skráirðu þig inn í stafræna ökuritann sem ökumann.

DTCO 4.1 byrjar að birta allar athafnir þessa ökumanns og vista þær.

Hægt er að prenta þessi gögn út eða (þegar kortið er ísett) hlaða þau niður.

Þannig nýtist ökumannskort í venjulegum akstri (sem stakur ökumaður eða í teymisakstri).

► Fyrirtækiskort

Með fyrirtækiskorti tilkynnirðu þig sem handhafa eða eiganda ökutækisins í gegnum DTCO 4.1. Þannig opnast aðgangur að upplýsingum fyrirtækisins.

Fyrirtækiskortið gerir kleift að birta, prenta eða hlaða niður gögnum sem vistuð eru í stóra minninu, sem og á ökumannskorti - í hinni kortarauf - tækisins.

ÁBENDING

Auk þess veitir fyrirtækisskífan rétt til að - í fyrsta skipti og ef verkstæði hefur ekki gert slíkt - færa inn aðildarríki sem veitti heimildina og skráningarnúmer ökutækis. Hafið samband við viðurkennt verkstæði í vafatilvikum.

Ef um er að ræða viðeigandi bílaflotastjórnunar-kerfi er með fyrirtækiskortinu auk þess heimilt að hlaða niður nauðsynlegum gögnum með fjarstýringu (fjarstýrt).

ÁBENDING

Fyrirtækiskortið er ætlað umráðamönnum og eigendum ökutækja með innbyggðum stafrænum ökurita og það má ekki afhenda öðrum aðilum. Fyrirtækiskortið er ekki ætlað fyrir akstur.

► Eftirlitskort

(Ekki hluti þessa leiðarvísis)

Eftirlitskort starfsmanns á vegum eftirlitsstofnunar (t.d. lögreglu) veitir aðgang að aðalminninu.

Öll vistuð gögn og gögn á ökumannskorti í tækinu eru aðgengileg. Hægt er að birta þau, prenta þau eða hlaða þeim niður gegnum aðalviðmótið.

► Verkstæðiskort

(Ekki hluti þessa leiðarvísis)

Verkstæðiskortið fá starfsmenn viðurkennds verkstæðis sem hafa heimild til að forrita, kvarða, virkja og prófa tækið o.s.frv.

► Aðgangsheimildir að ökuritakortunum

Aðgangsheimildir að gögnunum sem vistuð eru í aðalminni DTCO 4.1 eru bundnar með lögum og aðeins veittar með viðeigandi ökuritakorti.

3

		Án korts	Ökumanskort	Fyrirtækiskort	Eftirlitskort	Verkstæðiskort
Prentun	Upplýsingar um ökumann	X	V	V	V	V
	Upplýsingar um ökutæki	T1	T2	T3	V	V
	Færibreyta	X	V	V	V	V
Tilkynningar	Upplýsingar um ökumann	T1	T2	T3	V	V
	Upplýsingar um ökutæki	V	V	V	V	V
	Færibreyta	X	T2	V	V	V
Aflestur	Upplýsingar um ökumann	X	X	T3	V	V
	Upplýsingar um ökutæki	X	X	V	V	V
	Færibreyta	X	V	V	V	V

Merkingar:**Upplýsingar um ökumann**

Upplýsingar á ökumanskortinu

Upplýsingar um ökutæki

Gögn í minni

Færibreytugögn

Gögn fyrir samræmingu tækisins/kvörðun

V

Ótakmörkuð aðgangsheimild

T1

Athafnir ökumanns síðustu 8 daga án upplýsinga um auðkenni ökumanns

T2

Auðkenni ökumanns einungis fyrir kortið í tækinu

T3

Athafnir ökumanns viðkomandi fyrirtækis

X

Ekki hægt

■ Vistuð gögn

▶ Ökumannskort

Almennt er að finna á ökumannskorti:

- Gögn sem auðkenna ökumann.
→ *Persónugreinanleg ITS-gögn* [▶ 10]

Eftir hverja notkun ökutækis eru eftirfarandi gögn vistuð á kubbi ökumannskorts:

- Kort sett í og tekið úr
- Notuð ökutæki
- Dagsetning og kílómetrastaða
- Athafnir ökumanns, í venjulegum akstri a.m.k. 56 dagar
- Eknir kílómetrar
- Land fært inn
- Upplýsingar um stöðu (einstaklings eða teymisakstur)
- Atvik / bilannir sem komið hafa upp
- Upplýsingar um eftirlitsathafnir
- Sérstök skilyrði:
 - Akstur með stöðuna ferja / lest

- Akstur með stöðuna OUT (Out of scope)
- Tími og staður fermingar/losunar (leiguflutninga)
- Tími og staður yfir landamæri (póstsendingartilskipun)

Þegar minni kubbsins er fullt skrifar DTCO 4.1 yfir eldri gögn.

→ *Ökumannskort: Skyldur ökumanns* [▶ 16]

▶ Fyrirtækiskort

Almennt er að finna á fyrirtækiskorti:

- Upplýsingar um auðkenni fyrirtækis og um aðgangsheimild að vistuðum gögnum.
- Eftir hverja notkun eru eftirfarandi gögn vistuð á fyrirtækiskorti:
- Tegund athafnarinnar
 - Skrá / útskrá
 - Gögnum í minni hlaðið niður
 - Upplýsingum á ökumannskortinu hlaðið niður

- Tímabil (frá / til) sem gögnum var hlaðið niður um
- Auðkenni ökutækis
- Auðkenni ökumannskorts þaðan sem gögnin eru hlaðin niður

Ef minni kubbsins er fullt skrifar DTCO 4.1 yfir eldri gögn.

→ *Skyldur atvinnurekanda* [▶ 17]

▶ Aðalminni (tækisins)

- Aðalminnið tekur saman og vistar gögnin samkvæmt framkvæmdareglugerð (ESB) 2016/799, viðhengi I C í núgildandi útgáfu, og ná yfir að minnsta kosti 365 daga.
- Úrvinnsla aðgerða fer fram á almanaksminútu-fresti, þar sem DTCO 4.1 leggur mat á þá aðgerð sem ríkti í lengsta samfellda tíma á hverju tímabili.

3

- DTCO 4.1 getur geymt u.þ.b. 168 klukkustundir af hraðagildum í einnar sekúndu upplausn. Gildin eru skráð upp á sekúndu með upplýsingum um tíma og dagsetningu.
- Vistuð hraðagildi með hárrí upplausn (ein mínúta fyrir og ein mínúta eftir óvenjulega töf) hjálpa til við matið ef slys ber að höndum.

Í aðalviðmóti er hægt að lesa þessar upplýsingar (aðeins með korti atvinnurekanda):

- Upplýsingum á ökumannskortinu hlaðið niður.
- Aðalminni hlaðið niður með Download Key-lykli (valkostur).

■ Landamærastöð

DTCO 4.1 viðurkennir sjálfkrafa landamærastöð.

Þetta á við um öll lönd á kortinu NUTS0: <https://ec.europa.eu/eurostat/documents/345175/7451602/2021-NUTS-0-map.pdf>.

Spænsku svæðin eru einnig viðurkennd sjálfkrafa.


Fyrir önnur lönd þarf að slá inn landið handvirkt við upphaf vaktarinnar → *Land tilgreint í upphafi vaktar* [53].

■ Tímabelti

Í DTCO 4.1 er tíminn stilltur á UTC-tíma frá verksmiðju.

Tímafærslur vistar DTCO 4.1 sem UTC-tíma.

UTC-tíminn samsvarar tímabeltinu 0 á hnettinum sem skipt er upp í 24 tímabelti (-12 ... 0 ...+12).



Mynd 4: Tímabelti í Evrópu

(1) Tímabelti 0 = UTC

Mismunur á tímabeltum	Ríki
00:00 (UTC)	UK / P / IRL / IS
+ 01:00 klst.	A / B / BIH / CZ / D / DK / E / F / H / HR / I / L / M / N / NL / PL / S / SK / SLO / SRB
+ 02:00 klst.	BG / CY / EST / FIN / GR / LT / LV / RO / UA
+ 03:00 klst.	RUS / TR

Umreikningur í UTC-tíma

UTC-tími = Staðartími – (MT + ST)

MT = Mismunur á tímabeltum

ST = Sumartími (aðeins þar sem sumartími er í gildi)

(MT + ST) = Tímamismunar sem stilla skal

Dæmi:

Staðartími í Þýskalandi = 15:30

(sumartími)

UTC-tími = Staðartími – (MT + ST)
= Kl. 15:30 – (01:00 klst. + 01:00 klst.)

UTC-tími = Kl. 13:30

Í valmyndinni má stilla staðartíma:

→ *Staðartími stilltur* [▶ 95]

■ Skýringarmyndir (yfirlit)**Vinnslumáttar**

🏢	Fyrirtæki
🏢	Eftirlitshamur
🏢	Aksturshamur
🏢	Kvörðunarhamur
🏢	Frágangsstaða

Persónur

🏢	Fyrirtæki
🏢	Eftirlitsaðili
🏢	Ökumaður
🏢	Verkstæði / eftirlitsstaður
🏢	Framleiðandi

Athafnir

🏢	Tími í viðbragðsstöðu
🏢	Aksturstími
🏢	Hlé og hvíldartími

3

Athafnir	
✱	Annar vinnutími
	Gild hlé
?	Óþekkt

Tæki / aðgerðir	
1	Kortarauf-1; ökumaður-1
2	Kortarauf-2; ökumaður-2
📄	Ökuritakort (búið að lesa)
—	Ökuritakort í; lesið úr viðeigandi gögnum.
🕒	Klukkan
🔊	Prentari / útprentun
📶	Innsláttur
📷	Skjámynd
💰	Leyfiskóði
🔊	Vistun í ytra minni, gögnum hlaðið niður (afritun)
📈	Gagnaflutningur fer fram
🚦	Skynjari

Tæki / aðgerðir	
📡	Ökutæki / ökutækiseining/ DTCO 4.1
🔌	Stærð dekkja
⚡	Undirspenna
🔌	Yfirspenna
⚡	Straumrof
📡	Fjarstýringu
📶	GNSS
📡	DSRC
📶	ITS
🚛	Þyngd vagnlestar með eftirvagni

Ýmislegt	
!	Atvik
✖	Truflun
🔊	Ábending um notkun / viðvaranir vegna vinnutíma
📄	Vakt hefst
📍	Staður

Ýmislegt	
🛡️	Öryggi
📶	Hraði
🕒	Tími
🗨️	Samtals / samantekt
📄	Lok vaktar
📡	Handvirkur innsláttur athafna
📷	Landamærastöð
📶	Graf
📍	Munur
📄	Notandafærsla
🕒	Vinsamlegast bíðið
📄	Upplýsingar
📡	Fjarstýrður HMI
📶	Bluetooth

Sérstök skilyrði	
OUT	Eftirlitsbúnaður ekki nauðsynlegur
☹	Dvöl á ferju eða í lest
↗	Hleðsla: Farþegar
↗	Hleðsla: Vara
?	Hleðsla: óskilgreint
↗	Hleðsla:
↙	Losun
↗	Hleðsla/losun

Vísar	
24h	Daglega
I	Vikulega
II	Tvær vikur
+	Frá eða til

Samsetningar myndtákna

Ýmislegt	
D+	Eftirlitsstaður

Ýmislegt	
☹+	Byrjunartími
+☹	Lokatími
OUT+	Byrjun „Out of scope“: Eftirlitsbúnaður ekki nauðsynlegur
+OUT	Lok „Out of scope“
☹+	Upphaf „Ferja/ lest“
+☹	Lok „Ferja/ lest“
☹☹	Staða eftir 3 tíma uppsafnaðan aksturstíma
↗☹	Staða „Hleðsla“
↙☹	Staða „Losun“
↗☹	„Hleðsla“/ „Losun“ með GNSS-staðsetningu
☹☹	Staða Landamærastöð
☹+	Staður við byrjun vinnudags (byrjun vaktar)
+	Staður við lok vinnudags (lok vaktar)
A+	Frá ökutæki
☹	Útþrentun af öikumanskorti

Ýmislegt	
A☹	Útþrentun ökutæki/ DTCO 4.1
A☹	Innsláttur Ökutæki/ DTCO 4.1
☹☹	Upplýsingar á skjá fyrir öikumanskort
A☹	Upplýsingar á skjá fyrir farartæki/ DTCO 4.1
+☹	Staðartími
☹☹	Staðartími fyrirtækis

Kort	
☹☹	Öikumanskort
☹☹	Fyrirtækiskort
☹☹	Eftirlitskort
T☹	Verkstæðiskort
☹---	Ekkert kort í

Ökutækinu stýrt

☹☹	Teymisakstur
-----------	--------------

3

Ökutækinu stýrt

oII	Samtals aksturstími í tvöföldum vikum
------------	---------------------------------------

Útprentanir

24hBT	Daglegar athafnir ökumanns (dagsgildi) af ökumannskortinu
!xBT	Atvik og bilanir af ökumannskortinu
24hAT	Daglegar athafnir ökumanns (dagsverðmæti) frá DTCO 4.1
!xAT	Atburðir og truflanir frá DTCO 4.1
>>T	Yfirhraði
TBT	Tæknilegar upplýsingar
IIBT	Athafnir ökumanns
iRv	Tímabil með virkjaðri fjarstýringu
IIvT	Hraðalínurit
IIDT	Staða D1/D2-skýringamynd (valkostur)
%vT	Hraðayfirlit (valkostur)

Útprentanir

%nT	Snúningshraðayfirlit (valkostur)
iIL	Skynjaraupplýsingar
iB	Öryggisupplýsingar

Skjámyndir

24hBD	Daglegar athafnir ökumanns (dagsgildi) af ökumannskortinu
!xBD	Atvik og bilanir af ökumannskortinu
24hAD	Daglegar athafnir ökumanns (dagsverðmæti) frá farartæki/ DTCO 4.1
!xAD	Atburðir og truflanir frá farartæki/ DTCO 4.1
>>D	Yfirhraði
TBD	Tæknilegar upplýsingar
BBBD	Kort
BD	Fyrirtæki
AD	Síðasta mældu heildarþyngd vagnlestar með eftirvagni

Skjámyndir

maxAD	Leyfileg heildarþyngd vagnlestar með eftirvagni
--------------	-------------------------------------------------

Atvik	
!■	Ógilt ökuritakort sett í
!ee	Skörun tíma
!■e	Ökumannskort sett í á ferð
>>	Yfirhraði
!■	Villa í samskiptum við skynjara
!e	Tímastilling (á verkstæði)
!■■	Árekstur milli korta
!e■	Ekið án gilds ökumannskorts
!■A	Síðasta kortaferli ekki lokið á réttan hátt
!†	Straumrof
!■	Brot á öryggisreglum
!■	GNSS-merki vantar
!■?	GNSS óreglu
!e	Tímamismæmi
!Y	Samskiptabilun DSRC
>■	Eftirlit með yfirhraða
!■■	Hreyfingarmismæmi ökutækis

Bilanir	
x■	Kortavilla
xY	Bilun í prentara
xA	Innri truflun DTCO 4.1
x†	Bilun við niðurhal
x■	Bilun í skynjara
x■	Innri GNSS-bilun
xY	Innri DSRC-bilun

Aksturstímaaðvaranir

!e	Hlé!
----	------

Handvirk innfærsla

H/x/■	Innfærsla „Athafnir“
?	Innfærsla „Óþekktar athafnir“
■+?	Innfærsla <i>Staður</i> í lok vaktar
●+?	Innfærsla <i>Staður</i> í upphafi vaktar

Ábendingar varðandi notkun	
!■	Röng innfærsla
!■	Aðgengi að valmynd ekki mögulegt
!■	Beiðni um innfærslu
!Y	Ekki hægt að prenta út
!Y■	Enginn pappír
!Y■	Útprentun sein
!■	Kort í ólagi
!■c	Korti skotið út
!■	Rangt kort
!■	Ekki hægt að skjóta út korti
!■■	Aðgerð sein
!■?	Ósamræmi í skráningu
!A	Bilun í tæki
■■1	Ógilt eftir ... daga
■AS	Stilling eftir ... daga
■■†1	Niðurhal gagna af ökumannskorti eftir dögum ...

3

VDO Counter (valkostur)	
QH	Aksturstími sem eftir er
IE	Upphaf næsta aksturstíma
HQI	Aksturstími framundan:
HI	Aksturshlé/hvildartími sem eftir er
TH	Tími sem eftir er fram að upphafi daglegs, vikulegs hvíldartíma

■ Kennimerki landa

Skammstöfun landa	
A	Austurríki
AL	Albanía
AND	Andorra
AR	Armenía
AZ	Aserbaídsjan
B	Belgía
BG	Búlgaríja
BIH	Bosnía og Hersegóvína
BY	Hvíta-Rússland
CH	Sviss


Skammstöfun landa	
CY	Kýpur
CZ	Tékkland
D	Þýskaland
DK	Danmörk
E	Spánn *
EC	Evrópubandalagið
EST	Eistland
EUR	Önnur Evrópuríki
F	Frakkland
FIN	Finnland
FL	Liechtenstein
FR/FO	Færeyjar
GE	Georgía
GR	Grikkland
H	Ungverjaland
HR	Króatía
I	Ítalía
IRL	Írland
IS	Ísland
KZ	Kasakstan

Skammstöfun landa	
L	Lúxemborg
LT	Litháen
LV	Lettland
M	Malta
MC	Mónakó
MD	Moldavía
MK	Makedónía
MNE	Svartfjallaland
N	Noregur
NL	Holland
P	Portúgal
PL	Pólland
RO	Rúmenía
RSM	San Marínó
RUS	Rússland
S	Svíþjóð
SK	Slóvakía
SLO	Slóvenía
SRB	Serbía
TJ	Tajikistan

Skammstöfun landa	
TM	Túrkmenistan
TR	Tyrkland
UA	Úkraína
UK	Bretland, Alderney, Guernsey, Jersey, Man eyja, Gíbraltar
UZ	Usbekistan
V	Páfagarður
WLD	Önnur ríki utan Evrópu

* Spænsk héruð: → *Spænsk héruð*
 [37]

► Spænsk héruð



Mynd 5: Svæði á Spáni

Skammstafanir svæða á Spáni

AN	Andalusien
AR	Aragon
AST	Astúría
C	Kantabría
CAT	Katalónía
CL	Kastilien-León
CM	Kastilien-La Mancha
CV	Valensía
EXT	Extremadúra
G	Galisía
IB	Baleareyjar
IC	Kanaríeyjar
LR	La Ríoja
M	Madríd
MU	Mursía
NA	Navarra
PV	Baskaland

3

■ Sjálfvirk virkni eftir að svissað er á/af (forstilling)

Sjálfvirk stillt virkni:

Eftir ræsingu á	
Ökumaður 1 og ökumaður 2	
☒	Hlé / hvíldartími
✖	Annar vinnutími
☑	Tími í viðbragðsstöðu
?	Engin breyting

Eftir ræsingu af	
Ökumaður 1 og ökumaður 2	
☒	Hlé / hvíldartími
✖	Annar vinnutími
☑	Tími í viðbragðsstöðu
?	Engin breyting

ÁBENDING

Ákveðnar stillingar virkniþáttarins eftir *ræsingu á eða af* geta þegar verið forritaðar af framleiðanda.

- Vinsamlegast merkið (✓) við forstilltar aðgerðir í töflunni.

ÁBENDING

Síðar skráðar athafnir á ökumannskorti eru undantekning. Á meðan á *handvirkri inngjöf* stendur er þessi valkostur óvirkur. Það verður engin breyting á virkniþættinum eftir *ræsingu á eða af*.

Sjálfvirk stilling eftir „*ræsingu á eða af*“ er aðeins sjáanleg á staðalmælinum. Aðgerðin blikkar í u.þ.b. 5 sekúndur, síðan birtist aftur fyrri skjámynd.
➔ *Tilkynningar* [▶ 40]

Sjálfgefna stillingar:
➔ *Athafnir stilltar* [▶ 55]

Stjórnun (almennt)

Tilkynningar

Færa í valmyndir

Setjið kort í

Kort fjarlægt

Um meðferð korts

Gögnum hlaðið niður

Service Only!


4

Stjórnun (almennt)

■ Tilkynningar

► Skjámynd eftir að svissað er á

Ef ekkert ökuritakort er í kortarauf-1 birtist í u.þ.b. 20 sekúndur ábending (1) (kort vantar), því næst skjámynd (2).



Mynd 6: Skjámynd eftir að svissað er á

ÁBENDING

Skýring á myndtáknum → *Upplýsingar meðan á akstri stendur* [40]


► Upplýsingar meðan á akstri stendur

Á ferð geta skjámyndir (a), (b) eða (c) (valkostur) birst.

Heildarskráning myndmynda → *Skýringarmyndir (yfirlit)* [31].

Hægt er að skipta um skjámynd með því að ýta á valmyndarhnapp / .

Upplýsingar meðan á akstri stendur:



Venjuleg skjámynd (a):

- (1) Tími með tákni **■** = staðartími án tákns **■** = UTC-tími
- (2) Kennimerki „aksturshams“
- (3) Vísir um að Bluetooth sé virkt
- (4) Hraði
- (5) Athöfn ökumanns-1
- (6) Kortatákn ökumanns-1
- (7) Heildarkílómetrafjöldi
- (8) Kortatákn ökumanns-2
- (9) Athöfn ökumanns-2

Upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma (b):

- (1) Aksturstími **■** ökumanns-1 frá gildum hvíldartíma
- (2) Gildur hvíldartími **■** deilt niður í að minnsta kosti 15 mínútur og síðan 30 mínútur
- (3) Tími ökumanns-2: Núverandi athöfn er tími í viðbragðsstöðu **■** og lengd athafnarinnar

ÁBENDING

Ef ökumanskort vantar birtast tímar sem eiga við viðkomandi kortarauf-1 eða -2.

Upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma sem er eftir (með valkostinum VDO Counter) (c):

- (1) Aksturstími sem er eftir **■** (**■** blikkar = þessi hluti skjámyndarinnar er virkur).

- (2) Næsti gildi hvíldartími/ daglegur eða vikulegur hvíldartími **■**.
→ VDO Counter (valkostur) [77]
- (3) Sýnd er sú aðgerð sem stillt er á.

Skjámynd vinnutímareiknivélar (með valkostinum VDO Counter) (d):

- (1) Samfelldur vinnutími (tímalengd vinnutíma sem stillt er á núna **■** án hvíldartíma).
- (2) Daglegur vinnutími (samtals vinnutími frá síðasta daglega eða vikulega hvíldartíma).
- (3) Uppsafnaður hvíldartími (samanlögð vinnuhlé á yfirstandandi vinnutíma **■**).
- (4) Núverandi vikuvinnutími (samtals vinnutími sem stillt er á fyrir yfirstandandi almanaksviku hingað til).

4

► Boð

Boð birtast óháð þeirri skjámynd sem í notkun er.

Eftirfarandi orsakir valda því að boð birtast:

!	Atvik
×	Bilun
⚠	Aksturstímaaðvörun
⚠	Ábending um notkun

→ *Boð og merking þeirra [100]*

► Skjámynd eftir svissað af

Eftir Svissað af birtist eftirfarandi:

12:40 0 km/h
123456.7 km

Mynd 7: Skjámynd eftir svissað af

■ Færa í valmyndir

- Veljið þá virkni, athöfn eða talnagildi sem óskað er eftir með hnöppunum / á innfærslusviðinu.
- Staðfestið valið með hnappinum .

► Valmyndir þegar ökutækið er kyrrstætt

Þegar ökutækið er kyrrstætt og ökumanskortið er í tækinu er hægt að kalla fram fleiri gögn úr ökumanskortinu.

→ *Valmyndarborð tvö - Valmyndaraðgerðir [83]*

■ Setjið kort í

ATHUGIÐ

Gætið að umferðaröryggi

- Ökumaður skal aðeins setja kortið í þegar ökutæki er kyrrstætt.
- Hægt er að setja kortið í á ferð, en slíkt er óheimilt. Slíkt er vistað sem tilvik.

Hafið kortarafar ávallt lokaðar.

Ekki má fjarlægja hlífar kortarafanna, þær koma í veg fyrir að ryk og óhreinindi eða vatnsslettur berist þar inn.

ÁBENDING**Kortahólf valið**

- Kortarauf-1 (vinstra kortahólf) er ætlað korti ökumanns sem ekur.
- Við teymisakstur: Kortarauf-2 (hægra kortahólf) er ætlað korti hins ökumannsins.
- Varðandi fyrirtækiskortið: Kortarauf að eigin vali.

ÁBENDING

Til að stjórna ADR-útfærslu þarf að vera svissað á.

Gætið að sérstökum

öryggisáþendingum varðandi stjórnun ADR-útfærslu í sprengifimu umhverfi. ADR-útfærsla DTCO 4.1.


→ *ADR-útfærsla (Ex-útfærsla)* [23]

1. Haldið samsetta hnappnum ökumaður-1 eða ökumaður-2 inni í meira en 2 sekúndur.



Mynd 8: Beðið um kort (samsettur hnappur)

2. Kortageymsla færirst fram. Færið hlífina á kortageymslunni varlega niður.



Mynd 9: Hlíf færð niður

3. Stingið kortinu í kortaraufina – þannig að flagan snúi upp og örin fram.



Mynd 10: Kort sett í

4. Færið hlífina á kortageymslunni varlega upp.
5. Rennið kortageymslunni í kortaraufina þar til hún skorðast. Gögnin á flöggunni verða lesin inn. Á meðan kort í kortarauf-1 er lesið inn er hægt að setja annað kort í kortarauf-2:

- Teymisakstur: ökumannskort hins ökumannsins.
- Lestur gagna af kortum og aðalminni: fyrirtækiskortið.

Allt eftir ísettu korti fara fram valmyndarstýrðar stjórnaðgerðir.

4

- Um fyrsta og (ef ísett) annað ökumannskort gildir:
→ *Vakt hefst - Ökumannskort sett í* [49]
- Um fyrirtækiskort gildir:
→ *Tilkynning - Fyrirtækiskort sett í* [68]

ÁBENDING

Ef DTCO 4.1 kort reynist ekki vera í gildi þegar það er lesið inn í er hætt við að lesa kortið (**Hætt við að setja í**).

► Tungumál

Tilgreint tungumál ræðst af:

- Ísettu ökumannskorti í kortarauf-1.
- Ökuritakorti sem hefur hærra gildisstig Eða til dæmis fyrirtækiskort eða eftirlitskort.

Í staðinn fyrir sjálfgefna tungumálastillingu er hægt að velja æskilegt tungumál.

→ *Tungumál stillt* [77]

■ Kort fjarlæggt**ÁBENDING**

Aðeins er hægt að taka ökumannskortið úr kortaraufinni þegar ökutækið er kyrrstætt.

⚠ ATHUGIÐ**Vörn gegn misnotkun**

Takið ökumannskort úr kortarauf:

- Þegar vakt lýkur
- Þegar skipt er um ökumann eða ökutæki

ÁBENDING

Til að stjórna ADR-útfærslu þarf að vera svissað á.

Gætið að sérstökum öryggisábendingum varðandi stjórnun ADR-útfærslu í sprengifimu umhverfi. ADR-útfærsla DTCO 4.1.
→ *ADR-útfærsla (Ex-útfærsla)* [23]



Mynd 11: Beðið um kort (samsettur hnappur)

- Haldið samsetta hnappnum ökumaður-1 eða ökumaður-2 inni í meira en 2 sekúndur.
Á skjánum birtist síðan:
 - Nafn eiganda kortsins
 - Framvindustika sem sýnir færslu gagna yfir á flöguna á kortinu
 - Spurt er hvort hætta eigi við
- Veljið aðgerð með hnöppunum **■** / **■**:
 - Ökumannskort:
Veljið landið sem dvalið er í þessa stundina.

ÁBENDING

Ef ekkert land er slegið inn færirst kortið ekki út.

- Fyrirtækiskort:
 - Já**, ef ekki á DTCO 4.1 að tilgreina fyrirtækið í gegnum .
 - Nei**, ef áfram á að vera lokað fyrir fyrirtækið.

ÁBENDING

Þegar ekki er lokað fyrir fyrirtækið eru vistuð gögn hinsvegar áfram læst fyrir öðrum fyrirtækjum.

- Staðfestið valið með hnappinum **OK**.

ÁBENDING

Ábending birtist í eftirfarandi tilvikum:

- Reglubundin endurskoðun á DTCO 4.1
- Gildistími fyrirtækis- eða ökumannskorts að renna út
- Niðurhal gagna af ökumannskorti er væntanlegt

ÁBENDING

Ef verið er að vinna með kort sem stungið hefur verið í (lesa inn gögn eða skjóta því út) og beðið er um að skjóta út korti úr hinni kortaraufinni lýkur DTCO 4.1 fyrst aðgerðinni með fyrra kortið áður en byrjað er að skjóta hinu kortinu út.

Kortageymsla viðkomandi hólfs færirst fram.

- Takið kortið.
- Færið hlífina á kortageymslunni varlega upp.
- Rennið kortageymslunni í kortaraufina þar til hún skorðast.

■ Um meðferð korts

- Beygið hvorki né brjótið upp á ökuritakortið eða notið það í öðrum tilgangi.
- Notið ekki skemmd ökuritakort.
- Haldið snertiflötum hreinum, þurrum og lausum við feiti og olíu (geymið alltaf í hlíf).
- Forðist beint sólarljós (látið kortið ekki liggja á mælaborðinu).
- Leggið kortið ekki í námunda við sterk rafsegulsvið.
- Notið kortið ekki lengur en gildistíminn segir til um, þ.e. sækið um nýtt ökuritakort tímanlega.

■ Gögnum hlaðið niður

► Af ökumanns- eða fyrirtækiskorti

SPRENGIHÆTTA

Í ADR-útfærslu Sprengihætta vegna eftirspennu og opinna viðmóta


Í sprengifimu umhverfi skapast aukin sprengihætta við það að virkja hnappa DTCO 4.1, setja skífu í, opna prentaraskúffu eða opna aðalviðmót.

- Hlífðarlok verður að vera lokað.
- Ekki má hlaða niður gögnum á meðan.

ÁBENDING


Aðeins 1 ökumanskort (kort ökumanns-1 eða ökumanns-2) má setja í til að hlaða niður.

Ef bæði kortin eru tengd á sér stað enginn gagnaflutningur.



Mynd 12: Tenging við aðalviðmót

1. Lyftið hlífðarloki (1) á aðalviðmóti upp.
2. Setjið Download Key-lykil (3) í niðurhalstengi (2). Niðurhal hefst sjálfkrafa.



Mynd 13: Skýringarmynd: Gagnayfirfærslu

Á meðan gagnaflutningur fer fram birtist viðkomandi skýringarmynd (4).

ÁBENDING

Hugsanlegt gagnatap við yfirfærslu á Download Key-lykil.

Rjúfið ekki tengingu við niðurhalstengi meðan á gagnaflutningi stendur.

3. Lokið hlífðarloki (1) eftir að gögnum hefur verið hlaðið niður.

► Kennimerki gagnanna

Afrituðu gögnin eru auðkennd með rafrænni undirskrift (kennimerki).

Með þessari undirskrift er hægt að sjá gögn á tilteknu ökumannskorti og sannreyna að um sé að ræða rétt gögn og að engin gögn vanti.

ÁBENDING

Ítarlegar upplýsingar um sérsniðinn hugbúnað t.d. Varðandi Download Key-lykil er að finna í viðkomandi gögnum.

► Hlaðið niður af aðalminni

Gögnum af aðalminni er aðeins hægt að hlaða niður með fyrirtækiskorti.

Hægt er að stilla, með hjálp Download Key-lykils, á þau gögn (korta- eða aðalminni) sem hlaða skal niður.

► Fjarstýrt niðurhal (valkostur)

Með bíflota-stjórnunarkerfi (fjarstýrður rekstur) er hægt, eftir heppnaða staðfestingu á fyrirtækjakorti (vistað hjá tölvuþjóni), að hala einnig niður notkunargögn á fjarstýrðan máta.

ÁBENDING

Ítarlegar upplýsingar um nauðsynlega vélbúnaðar- og hugbúnaðarhluti, sem og notkun þeirra, er að finna í viðkomandi skjölum.

Það sem ökumaður stjórnar

Aðgerðir ökumanskorts

Vakt hefst - Ökumanskort sett í

Athafnir stilltar

Hleðsla/losun (leiguflutningar)

Lok vaktar - Ökumanskort tekið úr

Handvirkur innsláttur (innsláttur/ eftiráfærsla)

Skipt um ökumann / ökutæki

Ökumanskort sett í í fyrsta skipti

Service Only!

Það sem ökumaður stjórnar

■ Aðgerðir ökumanskorts

Með ökumanskortinu gerir ökumaður grein fyrir sér gagnvart DTCO 4.1.

Það er notað við venjulegan akstur og gerir kleift að vista, birta eða prenta út athafnir eða (ef ökumanskort er í tæki) að hlaða því niður.

ÁBENDING

Ökumanskort er ekki framseljanlegt.

ÁBENDING

Valmyndir til að sýna eða prenta út upplýsingar um ökumann virka aðeins ef viðkomandi kort er í.

Þannig birtist til dæmis valmyndarliðurinn **Útprintun ökumaður 2** aðeins ef ökumanskort er í kortarauf-2.

■ Vakt hefst - Ökumanskort sett í

ÁBENDING

Ökumaður stjórnar samsvarar rekstrarforminu *Rekstur* í samræmi við (EU) 2016/799 I C framkvæmdareglugerð í núgildandi útgáfu. Vinnslumátar (yfirlit) → *Vinnsluhættir (yfirlit)* [24]

ÁBENDING

Til að stjórna ADR-útfærslu þarf að vera svissað á.

Gætið að sérstöðum öryggisáþendingum varðandi stjórnun ADR-útfærslu í sprengifimu umhverfi. ADR-útfærsla DTCO 4.1. → *ADR-útfærsla (Ex-útfærsla)* [23]

▶ 1. Kort sett í

Stingið ökumanskortinu í kortaraufina í byrjun vaktar (við upphaf vinnudags).

→ *Setjið kort í* [42]


- Þegar ökumanskortið er sett í er skipt yfir á tungumálið sem er geymt á ökumanskortinu.

ÁBENDING

Hægt er að stilla á tungumál í valmyndinni.

→ *Tungumál stillt* [77]

Valmyndin sem birtist leiðir þig skref fyrir skref í gegnum ferlið til að gera DTCO 4.1 tilbúinn til notkunar:

a. 

Mynd 14: Opunarvalmynd

5

Í u.þ.b. 3 sekúndur birtast nafn eiganda kortsins, staðartími sem stillt er á **16:00** og UTC-tíminn (t.d. **14:00UTC**) (tímamismunur = 2 klukkustundir þegar sumartími er í gildi).

Ekki er hægt að færa neitt inn á meðan lesið er af kortinu.

Ef ýtt er á hnapp birtist tilkynning:

Vinsamlesast
biðjið!

Eða:

Opnun ekki
mösuless xx

Innfærsla kortaupplýsinga er lesin inn:

b. 10 Maier

Mynd 15: Innfærsla kortaupplýsinga

Vinstra megin má sjá númer kortaraufar, þar sem kortið er.

Þar til hliðar er nafn ökumanns (fæst af ökumannskorti).

Staðan á frekari lestri ökumannskortsins sést á framvindustikunni.

ÁBENDING

Á meðan hægt er að færa athafnir ökumanns inn handvirkt en ekki hefur DTCO 4.1 verið byrjað á því getur ökumaður skotið ökumannskortinu út úr án þess að frekari gögn séu vistuð á kortinu og í DTCO 4.1.

c. Síðasta færsla

15.03.23 16:31

Mynd 16: Upplýsingar um hvenær kort var síðast tekið úr


Í u.þ.b. 4 sekúndur er sýnt hvenær kortið var tekið síðast úr með dagsetningu og tíma á staðartíma (tákn **+**).

ÁBENDING

Gætið að ítarlegum ökugögnum.

Samkvæmt reglugerð verður að skrá athafnir, sem ekki eru skráðar á ökumannskortinu, eftirá í handvirku innfærsluna.

Síðan er beðið um handvirka innfærslu:



Mynd 17: Síðbúin færsla sem valkostur


- Hægt er að færa athafnir inn eftir á; → *Handvirkur innsláttur (innsláttur/ eftiráfærsla)* [58]
 - Ef **ekki** á að færa inn *athafnir* eftir á skal velja **Nei**; sjá frekari leiðbeiningar í skrefi i.
 - Ef **Já** er valið biður DTCO 4.1 um handvirkan innslátt; sjá skjámynd hér á eftir:



Mynd 18: Innsláttarmöguleikar

- M** = Handvirkur innsláttur
H = Innsláttarflötur aðgerðar blikkar

Sýndur er tíminn frá því kortið var tekið úr (1. lína) og þangað til því var stungið í aftur (2. lína) á staðartíma.
 → *Athafnir stilltar* [55]



Mynd 19: 2. lína = innsláttarreitur

- Hægt er slá inn umbeðnar breytur (blikkandi innfærslusvið) í eftirfarandi röð: *Athöfn/Dagur/Mánuður/Ár/ Klukkustund/Minúta*.

Aðgerðinni er lokið, þegar tímapunkti stunguáðgerðar er náð.

ÁBENDING

DTCO 4.1 leyfir ekki að ökumanskortið sé tekið úr fyrir en búið er að lesa af því. Til þess að taka ökumanskortið úr þarf að biðja DTCO 4.1 aftur um það þegar er búinn að lesa af kortinu.

Því næst er beðið um að heiti lands sé slegið inn.



Mynd 20: Land valið

- Veljið land og e.t.v. svæði sem viðaukinn á við um og staðfestið valið með **OK**.
 → *Kennimerki landa* [36]


ÁBENDING

Tilgreina þarf auk þess svæði á Spáni.

ÁBENDING

Hægt er að hætta innslætti með hnappnum **ESC**, ef ætlunin er að halda áfram á vaktinni, tafarlaust.

5



Mynd 21: Innsláttur staðfestur

- Staðfestið innsláttinn með **Já** eða **Nei**.

ÁBENDING

Ef **Nei** er valið eru upplýsingarnar sýndar aftur og hægt er að leiðrétta þær ef þess þarf.

- Kortið sett í í fyrsta sinn Þegar ökumannskortið er sett í í fyrsta sinn birtast frekari spurningar:
 - ➔ Ökumannskort sett í í fyrsta skipti [▶ 64]

Venjulega skjámyndin birtist.



Mynd 22: Venjuleg skjámynd með ísettu korti

Táknin sem birtast hafa eftirfarandi merkingu:

- = Ökumannskortið er í kortarafinni.
- = Hægt er að aka af stað, gögnin hafa verið lesin inn.

Mynd 23: Hægt er að aka af stað

DTCO 4.1 sýnir að hægt sé að aka af stað sem og hvort um er að ræða einn ökumann (■) eða teymisakstur (■■).

ÁBENDING

Ef ekki er sýnt að aka megi af stað skal athuga hvort gilt ökumannskort er í rauf-1 og rauf-2, ef svo á við, hvort allar upplýsingar hafa verið færðar inn og hvort um árekskur korta er að ræða.


ÁBENDING

Þegar tveimur ökumannskortum hefur verið stungið í biður DTCO 4.1 um upplýsingar fyrir seinna ökumannskortið um leið og búið er að lesa af fyrsta ökumannskortinu og gefið hefur verið til kynna að aka megi af stað.

ÁBENDING

Táknid ■ birtist fyrir báðar kortarásirnar. Þegar kort ökumanns-1 og ökumanns-2 hafa verið sett í má leggja af stað þegar að táknid ■ vegna ökumanns-1 birtist.

► 2. Stilla athöfn

Stillið á  athöfnina sem á að framkvæma með samsetta hnappinum.

→ *Athafnir stilltar* [► 55]

- Þegar staðartíma er breytt: Stillið klukkuna á staðartíma.
→ *Staðartími stilltur* [► 95]

DTCO 4.1 er tilbúinn.

ÁBENDING

Þegar lagt er af stað lýkur sérhverjum byrjuðum handvirkum innslætti - einnig hvað ökumann-2 varðar.

▲ ATHUGIÐ

Þegar hlé er gert á akstri eða þegar hvíldartími stendur yfir verður að stilla athöfnina á **H**.

Bilanir í DTCO 4.1 eða kerfisíhlutum birtast á skjánum → *Boð og merking þeirra* [► 100].

- Staðfestið tilkynninguna með hnappinum .

► Sláðu inn land - handvirk

DTCO 4.1 viðurkennir sjálfkrafa → *Landamærastöð* [► 30] landamærastöð.

Ef DTCO 4.1 viðurkennir ekki sjálfkrafa landamærastöðina verður að breyta landinu handvirk:

Land tilgreint í upphafi vaktar



Mynd 24: Innsláttarvalkostur - Upphafsland

- Táknid **•H? Upphafs Land** er valið og staðfest.
- Veljið land og staðfestið.
→ *Kennimerki landa* [► 36]

ÁBENDING

Á Spáni þarf auk þess að tilgreina hérað þar sem ferð hefst.

→ *Spænsk héruð* [► 37]

Land tilgreint í lok vaktar



Mynd 25: Innsláttur - Lokaland

- Í fyrsta innsláttarreitnum **H** skal velja táknid **•H? Loka land** og staðfesta.
- Veljið land og staðfestið.

5

Úrval landa

Þegar velja skal á ný birtist landið sem slegið var inn síðast fyrst.

Með hnöppunum **▼** **▼** birtast síðustu 4 innslegnu lönd.

Auðkenni: Tvípunktur á undan landskenninu **!B.**

ÁBENDING

Þetta er einnig í boði fyrir val á svæði – t.d. á Spáni.

Frekari valkostir koma fram í stafrófsröð sem byrjar á bókstafnum **A**:

- Hnappur **▲**: **A**, **Z**, **Y**, **X**, ...
o.s.frv.
- Hnappur **▼**: **A**, **B**, **C**, **D**, ...
o.s.frv.

ÁBENDING

Ef ökutækisskynjun er virkjuð býður DTCO 4.1 upp á forval á löndum byggt á staðsetningu ökutækisins á þeim tíma sem ökumanskortið er sett í.

Ef ekki er hægt að ákvarða land með ökutækisgreiningunni (ökutæki er ekki á tiltækum kortagögnum eða staðsetningarútreikningur er enn í gangi), býður DTCO 4.1 upp á fjögur síðustu tilgreindu löndin eða svæðin.

ÁBENDING

Með því að styðja á og halda niðri hnappinum **▼** **▼** má hraða valinu (sjálfvirk endurtekning aðgerðar).

ÁBENDING

Staðsetningarnar eru tillögur sem ætlað er að einfalda valið. Sem ökumaður, vertu viss um að velja landið þar sem þú ert í raun staðsettur.

► Hætt við innslátt

Ef ekkert er slegið inn í 30 sekúndur birtist eftirfarandi skjámynd:

Mynd 26: Á skjánum er beðið um innslátt

Ef ýtt er á hnappinn **☐** innan næstu 30 sekúndna er hægt að halda áfram með innsláttinn.

Ef ekkert er fært inn innan tíu mínútna og ekki er ýtt á neinn hnapp á DTCO 4.1 skýtur hann ökumanskortinu út.





Gögnum sem hafa verið slegin inn en ekki staðfest er fleygt til þess að tryggja að eingöngu séu vistuð rétt gögn sem notandi hefur staðfest. Þetta á bæði við um fjartengdan innslátt sem og beinan innslátt í DTCO 4.1.

Ef beðið er um kortið með því að ýta á samsetta hnappinn **Ⓜ** stöðvar það *handvirka innsláttinn*. Innslátturinn er einnig stöðvaður ef ekið er af stað meðan á honum stendur.

■ Athafnir stilltar

► Mögulegar athafnir


Hægt er að stilla eftirfarandi athafnir:


	Aksturstími (sjálfkrafa þegar ekið er)
	Allir aðrir vinnutímar
	Tímar í viðbragðsstöðu (biðtímar, farþegatími, tími ökumanns-2 í svefnklefa meðan á akstri standur)
	Hlé og hvíldartímar

► Skipt um aðgerð



ÁBENDING

Eingöngu er hægt að stilla inn athafnir þegar ökutækið er kyrrstætt.

- a. Staðfestið samsettan hnapp  vegna ökumanns-1.
Staðalskjámynd birtist.







Mynd 27: Staðalskjámynd með athöfn (1)

- b. Styðjið endurtekið á samsetta hnappinn  þar til athöfnin sem óskað er eftir birtist á skjánum (1).
- c. Í teymisakstri: Staðfestið sem aðstoðarökumaður (ökumaður-2) hnappinn .


► Sjálfvirk stilling

DTCO 4.1 skiptir sjálfkrafa yfir á eftirfarandi athafnir:


við...	Ökumaðu r-1	Ökumaðu r-2
Ferðaleið		
Stöðvun ökutækis		

ÁBENDING

Réttur útreikningur Counter (valkostur) tryggður:

- Mikilvægt er að stilla við lok vaktar eða í hléi á aðgerð .

Sjálfvirk stilling eftir ræsingu á eða af (forstilling)

Eftir ræsingu á eða af getur DTCO 4.1 stillt á ákveðna athöfn, til dæmis .

Athöfnina er hægt að forrita með fyrirtækiskorti eða á viðurkenndu verkstæði.

Virknipáttur(1) og / eða (2), sem breytist sjálfkrafa sem afleiðing af ræsingu á eða ræsingu af, blikkar í staðalskjámynd í u.þ.b. 5 sekúndur. Hún blikkar í u.þ.b. 5 sekúndur.



Mynd 28: Athöfn blikkar í staðalsýn

5

Eftir svissað á birtist fyrri skjámynd á ný.

Dæmi:

Counter var valinn og svissað af.

Þegar svissað er á birtist Counter á ný eftir 5 sekúndur.

► Athafnir handskrifaðar

ÁBENDING

Gætið að reglugerð.

Samkvæmt reglugerð (ESB) 165/2014 skal færa inn handvirkt eftirá athafnir sem ekki rúmast á ökumannskorti.

Í eftirtöldum tilvikum skal færa inn athafnir handvirkt:

- Ef galli er í DTCO 4.1
- Ef ökumannskort glatast, er stolið eða starfar ekki rétt.

Í þeim tilvikum þarf við upphaf og lok ferðar eða vaktar að prenta út dagsskýrslu með DTCO 4.1.

Hægt er að handskrifa (2) athafnir á bakhlíð útprentunar og fullgera útprentunina með persónulegum athugasemdum (1).

○ *Mustermann Heinz*
 □ F 12345678901234 5 6
 A No. *VS VM 612*
 ●+ *VS-Villingen*
 ●+ *München*
 + km *92 978*
 km → *92 610*
 km *368*
 Dat. *12.10.2020*
Mustermann Heinz
 (Signature)

DTCOPP 1 [E1] 174
 Tachograpah [E1] 84 [E2] 25

The tachograph graph shows a speed profile over 24 hours. The vertical axis represents speed in km/h (0-120) and the horizontal axis represents time in hours (0-24). The graph shows a typical driving pattern with periods of low speed (0-40 km/h) and higher speeds (up to 120 km/h).

Mynd 29: Færslu starfseminnar

Merking tákna

⊙	Skírnar- og eftirnafn
⊙□	Númer ökumannskorts eða ökuskírteinis
ANr.	Auðkenni ökutækis
●+	Staður í upphafi vaktar
+●	Staður í lok vaktar
+km	km-staða í lok vaktar
km+	km-staða í upphafi vaktar
km	Eknir kílómetrar

ÁBENDING

Hafið jafnframt í huga þau ákvæði sem gilda í þínu landi.

■ Hleðsla/losun (leiguflutningar)

Þú getur skjalfest ferla við fermingu/ affermingu sem hluta af umferðarreglugerðinni (flutningar yfir landamæri) í DTCO 4.1.

DTCO 4.1 vistar stað og tíma hleðslu/ hleðsluferlis.

Inntaksvalmynd: → *Valmyndaratriði Innfærsla Ökutæki* [▷ 94]

■ Lok vaktar - Ökumannskort tekið úr

ÁBENDING

Í þágu persónuverndar ætti að taka ökumannskortið úr í lok hverrar vaktar.


Aðeins er hægt að taka ökumannskortið úr kortaraufinni þegar ökutækið er kyrrstætt.

ÁBENDING

Til að stjórna ADR-útfærslu þarf að vera svíssað á.

Gætið að sérstökum öryggisáþendingum varðandi stjórnun ADR-útfærslu í sprengifimu umhverfi.
→ *ADR-útfærsla (Ex-útfærsla)* [▷ 23]

1. Í lok vaktar (við lok vinnudags) eða þegar skipt er um ökutæki skal stilla viðkomandi athafnir, t.d. hvíldartíma **H**.
→ *Athafnir stilltar* [▷ 55]
2. Haldið hnappi **H** inni í að minnsta kosti 2 sekúndur.



Mynd 30: Upplýsingar um núverandi dvalarstað

3. Veljið landið með hnöppunum **▲** / **▼** og staðfestið valið með hnappinum **OK**.

→ *Land tilgreint í upphafi vaktar* [▷ 53]

ÁBENDING

Ef aðgerðin er í boði býður DTCO 4.1 upp á að búin sé til dagsútprentun áður en kortinu er skotið út.

ÁBENDING

Ef ekkert land er slegið inn innan einnar mínútu færiskortíð ekki út.

5

4. Númer kortaraufar og kenninafn ökumanns birtast. Staðan á lestri ökumannskortsins sést á framvindustikunni.
5. Takið ökumannskort úr kortarauf.
→ *Kort fjarlæggt* [▶ 44]
Þetta á einnig við um ökumannsskipti í teymisakstri. Þá er ökumannskorti stungið í hina raufina. Skjámyndin sýnir:



Mynd 31: Venjuleg skjámynd án korta

6. Ef þess er óskað skal prenta út vistaðar athafnir og atvik með prentvalmyndinni.
→ *Valmyndarborð tvö - Valmyndaraðgerðir* [▶ 83]


ÁBENDING

Ef óskað er eftir útprentun yfir síðastliðnar 24 klukkustundir, bíðið þá til næsta dags, ef hægt er.

Þannig er tryggt að einnig síðasta athöfn skili sér að fullu í útprentuninni.

■ Handvirkur innsláttur (innsláttur/ eftiráfærsla)

Ef eftir að ökumannskorti hefur verið stungið í og spurningunni **Innsláttar viðbætur?** er svarað með **Já (skref d)**, - birtast þær færslur sem hægt er að breyta handvirkt (**skref e**).



Mynd 32: Skjámyndir sem sýna mögulegar leiðréttingar

Nú má skrá innfærslur hverja á eftir annarri (hnappar **↵**, **↩** og **OK**).

Ef villa reynist í innslætti er hægt að fara til baka með hnappnum **↵** og endurtaka innsláttinn.

Tekið úr (15.03.23) Sett í (18.03.23)
16:31 að staðartíma 07:35 að staðartíma



Tímabil óþekkrar athafnar

Mynd 33: Dæmi um tímabil þar sem athöfn er óþekkt

Eftirfarandi innsláttur er í boði:


- Athöfnin Hvíldartími **H** færð eftirá:
→ *Færa inn athöfnina Hvíldartími eftirá* [▶ 60]
- Vinnutíma haldið áfram:
→ *Athöfnum haldið áfram* [▶ 61]
- Vinnutíma haldið áfram, lokið og/ eða athafnir tiltekins vinnutíma settar fram fyrir:
→ *Athöfnum haldið áfram og athafnir færðar fram fyrir aðrar* [▶ 62]

Þessir valkostir eftir að ökumannskorti hefur verið stungið í eiga einnig almennt við um val á núverandi athöfn.

► Krafið um kort á meðan handvirkum innslætti stendur

1. Með hnappnum **6** er beiðið um að kort verði sent út.

Beiðni um handvirkan innslátt birtist:



Mynd 34: Síðbúin færsla sem valkostur

2. Veljið með hnöppunum **▶**/**▶** **Nei** og staðfestið með hnappi **OK**.
3. Áfram í skrefi 3.
→ Lok vaktar - Ökumannskort tekið úr [▶ 57]

Handvirkum innslætti hætt. Í ótilgreinda tímabilið vistar DTCO 4.1 athöfnina ? .

5

► Færa inn athöfnina Hvíldartími eftir á

Tekið úr (15.03.23) 16:31 að staðartíma

Sett í (18.03.23) 07:35 að staðartíma

Færa inn hvíldartíma eftir á

Hafið hugfast: Innfærslan er gerð á staðartíma.

- Þegar síðbúin færsla er merkt með **JÁ**:
- Veljið og staðfestið athöfnina **H** með hnappnum **OK**. Skjámynd færist yfir á næsta blikkandi innsláttarreit. Haldið hnappnum **OK** niðri, og þá færist skjámyndin yfir á síðasta innslátt skjámyndar.
- Staðfestið einnig síðasta innslátt mínútna með hnappi **OK**.
- Fylgið leiðbeiningunum í valmyndinni.

► Athöfnum haldið áfram

Tekið úr (24.03.23)
23:32 að staðartíma

Sett í (25.03.23)
02:30 að staðartíma

00:20 að staðartíma


Bæta við athöfnum

Hafið hugfast: Innfærslan er gerð á staðartíma.

- Veljið og staðfestið fyrstu athöfn með hnappi .
- Sláið inn, hvort á eftir öðru, dag og tíma og staðfestið hverju sinni með hnappi .
- Veljið og staðfestið aðra athöfn með hnappi .
- Sláið á ný inn dag og tíma og staðfestið með hnappi .
- Staðfestið einnig síðasta innslátt mínútna með hnappi .
- Fylgið leiðbeiningunum í valmyndinni.

5

► Athöfnum haldið áfram og athafnir færðar fram fyrir aðrar



■ Skipt um ökumann / ökutæki



Mynd 35: Skipt um ökumannskort

► Tilvik 1 - Teymisakstur

Ökumaður-2 verður ökumaður-1.

- Takið ökumannskortin úr kortarásunum og stingið í hina kortarásina hverju sinni.
- Stillið inn þá athöfn sem óskað er:
→ *Athafnir stilltar* [▶ 55]

ÁBENDING

Í teymisakstri má setja kort ökumanns-1 í fyrst, svo hægt sé að leggja fljótt af stað. Og á meðan kort ökumanns-1 er lesið inn má stinga korti ökumanns-2 í.

Ferðin getur hafist um leið og táknið ■ fyrir ökumann-1 og táknið ■ fyrir ökumann-2 birtist.

► Tilvik 2 - Lok vaktar

Ökumaður-1 og/eða ökumaður-2 yfirgefa ökutækið.

- Viðkomandi útbýr eftir þörfum dagsútprentun, kallar fram ökumannskort sitt og tekur ökumannskortið úr kortarauf.
- Næstu ökumenn setja ökumannskort í kortaraufina í samræmi við hvaða aðgerð á við (ökumaður-1 eða ökumaður-2).

► Tilvik 3 - Blandaður akstur


Ekið með mismunandi gerðir ökurita.

- Til dæmis hliðrænum akstursrita með skífu eða ...
- Stafrænum ökurita með ökumannskort samkvæmt (ESB) 165/2014, til dæmis DTCO 4.1.

Við eftirlit verður ökumaðurinn að geta lagt fram eftirfarandi gögn um núverandi viku og síðustu 28 daga:

- Ökumannskort **(1)**,
- með mikilvægum dagsútprentunum úr stafræna ökuritanum **(2)**, til dæmis þar sem ökumannskortið er skaddað eða ónýtt,
- skrifaða **(3)**,
- handskrifaða skráningu athafna.

5



Mynd 36: Dæmi um framlögð gögn

ÁBENDING

Hafið jafnframt í huga þau ákvæði sem gilda í þínu landi.

■ Ökumanskort sett í í fyrsta skipti**► Notkun gagna**

Þegar kortið er sett í í fyrsta skipti verður, í þágu persónuverndar, spurt um samþykki fyrir vinnslu persónutengdra upplýsinga.

→ *Upplýsingavernd* [9]

► Skráning rennur út

Fyrirspurnin gerist sjálfkrafa við fyrstu skráningu í DTCO 4.1.

Hún birtist eftir að land er valið.

ÁBENDING

Þú getur breytt færslunum síðar: →
*Valmyndaratríði Innsláttur Ökumaður-1/
ökumaður-2* [91]

Sleptu ITS gögnum**ÁBENDING**

Til að virkja Bluetooth verður þú að hafa samþykki geymslu ITS gagna (→ *Persónugreinanleg ITS-gögn* [10]).

1 Birta ITS
ITS æðen? Já


Mynd 37: Spurning varðandi persónuupplýsingar

1. Veljið með hnöppum **Já** eða **Nei**.
2. Staðfestið með hnappi **OK**.
Nú birtist tilkynning um að innsláttur verði vistaður:

Færsla sýnd

Mynd 38: Vistun staðfest

Sleptu VDO gögnum




1 Birta
VDO æðen? Já

Mynd 39: Beðið um sértækar persónugreinanlegar upplýsingar

3. Veljið með hnöppum / **Já** eða **Nei**

4. Staðfestið með hnappi **OK**.
Nú birtist tilkynning um að innsláttur verði vistaður:



Færsla æyemd

Mynd 40: Önnur vistun staðfest

Virkjaðu Bluetooth

Hægt er að virkja Bluetooth í þessari valmynd eða síðar í "Bluetooth" valmyndinni:

Lýsingu á virkjuninni má finna hér: →
Kveiktu/slökktu á Bluetooth [▶ 92]

Ljúktu við skráninguna

Nú hefst hefðbundin tilkynning til .Upphaf vaktar - Ökumanskort sett í DTCO 4.1.

→ *Vakt hefst - Ökumanskort sett í*
[▶ 49]

Stjórnun af hálfu atvinnurekanda

Aðgerðir fyrirtækiskorts

Valmyndaraðgerðir í fyrirtækisham

Tilkynning - Fyrirtækiskort sett í

Sláið inn aðildarríki og auðkenni

Fyrirtækiskortið tekið úr

Service Only!

Stjórnun af hálfu atvinnurekanda

■ Aðgerðir fyrirtækiskorts

ÁBENDING

Fyrirtækiskort er eingöngu ætlað til gagnastjórnunar fyrirtækisins, ekki til akstursstjórnunar.

Ef ekið er með fyrirtækiskorti birtast boðin **!E Ekið án korts.**

ÁBENDING

Hafið ákvæði viðkomandi landa í huga. Fyrirtækið tryggir að fyrirtækiskort séu notuð í samræmi við reglur.

- Hafið jafnframt í huga þau ákvæði sem gilda í þínu landi.

Með fyrirtækiskortinu gerir fyrirtækið grein fyrir sér gagnvart DTCCO 4.1.

Fyrirtækjakortið er sönnun þess að ökutækið virki rétt. Með fyrirtækjakortinu er viðkomandi ökutæki úthlutað

fyrirtækinu með tilliti til allra viðeigandi gagna. Fyrirtækið getur sótt um nokkur fyrirtækjakort.

Allar hreyfingar og tímar ökutækis eru geymdar í gagnaminni ökuritans, óháð ökumanni.

Fyrirtækinu er lagalega skylt að geyma þessi gögn og gera gögnin aðgengileg ábyrgum eftirlitsyfirlöndum sé þess óskað.

Fyrirtækjakortið gildir í 5 ár. Ekki er hægt að sækja um eftirfylgnikort fyrr en 6 mánuðum áður en núverandi kort rennur út.

Ef kortið skemmist, er stolið eða týnist þarf fyrirtækið að leggja fram eftirfarandi gögn vegna nýrrar umsóknar:

- týnist, skrifleg yfirlýsing um tjónið
- ef um þjófnað er að ræða, sönnun um lögregluskýrslu
- ef um skemmdir eða bilun er að ræða skal endurnýja kortið

Þegar fyrirtækiskort er sett í í fyrsta skipti tilkynnir fyrirtækið sig til DTCCO 4.1, þannig að ökuritinn skrái það hjá sér, fram að útskráningu eða þar til annað fyrirtækiskort er sett í. Þannig er aðgangsheimild að þeim gögnum sem tilheyra fyrirtækinu tryggð.

Allt eftir heimildarstigi fyrirtækiskorts eru eftirfarandi kostir í boði:

- Innskráning og útskráning fyrirtækisins í þennan DTCCO 4.1, t.d. við bifreiðasölu, gildislok bifreiðaleigu
- Innsláttur aðildarríkis og skráningarnúmers ökutækis
→ *Sláið inn aðildarríki og auðkenni [70].*
- Aðgangur að gögnum aðalminnis og að gögnum fyrirtækisins, t.d. atvikum, bilunum, hraða, nafni ökumanns
- Aðgangur að gögnum ökumannskorts í tækinu
- Aðgangur að aðalviðmóti og heimild til að hlaða niður gögnum aðalminnis

Innan ESB þarf að hlaða niður öllum gögnum á 3 mánaða fresti úr aðalminni.

6

Í eftirtöldum tilvikum er auk þess skynsamlegt að hlaða niður gögnum um:

- ef ökutækið er selt
- ef ökutækið er tekið úr notkun
- Þegar skipt er um DTCO 4.1

■ Valmyndaraðgerðir í fyrirtækisham

Alltaf er vafrað innan valmyndaðgerða eftir sama kerfi.

→ *Færa í valmyndir* [▶ 42]

Ef fyrirtækiskortið er í kortarauf-2 þá eru allar aðalvalmyndir sem eiga við kortaraufina lokaðar.

→ *Læsing Valmyndaraðgangur* [▶ 85]

Í þessu tilviki er aðeins hægt að birta, prenta eða hlaða niður gögnum á öikumannskortinu í kortarauf-1.

→ *Fyrsta valmyndarborð - Staðalgildi* [▶ 75]

■ Tilkynning - Fyrirtækiskort sett í

ÁBENDING

Stjórnun af hálfu atvinnurekanda samsvarar vinnsluham Atvinnurekandi í samræmi við framkvæmdareglugerð (ESB) 2016/799 viðauka I C í núgildandi útgáfu.


- Setjið fyrirtækiskortið í kortarauf sem auð er; Kort sett í; → *Setjið kort í* [▶ 42]. Þegar fyrirtækiskort er stillt á skjánum á tungumálið sem vistað var.

ÁBENDING

Hver og einn getur stillt á æskilegasta tungumál sitt.

→ *Tungumál stillt* [▶ 77]

Valmyndin sem birtist leiðir þig skref fyrir skref í gegnum ferlið til að gera DTCO 4.1 tilbúinn til notkunar:




Mynd 41: Opunarvalmynd

Í u.þ.b. 3 sekúndur birtast nafn eiganda kortsins, staðartími sem stillt er á **16:00** og UTC-tíminn **14:00UTC** (tímamismunur = 2 klukkustundir þegar sumartími er í gildi).

ÁBENDING


Ekki er hægt að færa neitt inn á meðan lesið er.

Ef stutt er á hnapp birtast boð.



Mynd 42: Tilkynning - Valkostur I

Eða



Mynd 43: Tilkynning - Valkostur II

Innfærsla kortaupplýsinga er lesin inn:



Mynd 44: Innfærsla kortaupplýsinga

Vinstra megin má sjá númer kortaraufar, þar sem kortið er.

Þar til hliðar má sjá heiti fyrirtækis (lesið inn af fyrirtækiskorti).

Staðan á frekari lestri fyrirtækiskortsins sést á framvindustikunni.

- Færið inn – ef beðið er um það – skammstöfun lands og skráningarnúmer ökutækis:
→ Sláið inn aðildarríki og auðkenni
[70]

- Hafi slíkt ekki verið gert í þessum DTCO 4.1 skal nú skrá fyrirtækið:




Mynd 45: Fyrirtækið skráð


Með skráningunni virkjastr fyrirtækislausning þar til hún er afturkölluð.

Þar með er tryggt að upplýsingar um fyrirtækið sem og persónugreinanleg gögn ökumanna fyrirtækisins séu óaðgengileg öðrum.

Venjulega skjámyndin birtist.

DTCO 4.1 er nú stilltur á vinnslumátann **Fyrirtæki**, táknið .

6



Mynd 46: Venjuleg skjámynd með fyrirtækiskort í raufinni

Niðurstaða: DTCO 4.1 er tilbúinn.

- Nú má hlaða niður gögnum úr aðalminni til að vista þau í safni og vinna úr þeim með þeim hætti sem lög kveða á um.
→ *Gögnum hlaðið niður* [▶ 46]
- Einnig er hægt að nota gögn á öðru ísettu korti, t.d. hlaða þeim niður.
- Bilanir í DTCO 4.1 eða kerfishlutum birtast á skjánum. Staðfestið tilkynninguna með hnappinum **OK**.
→ *Boð og merking þeirra* [▶ 100]

■ Sláið inn aðildarríki og auðkenni

Í staðalútfærslu eru auðkenni lands og skráningarnúmer vistuð við uppsetningu og kvörðun hjá viðurkenndu verkstæði.

- Hafi slíkt ekki verið gert biður DTCO 4.1 um að það verði gert þegar fyrirtækiskorti er stungið í í fyrsta skipti.
 - Aðildarríki
 - Skráningarnúmer.
→ *Sláið inn aðildarríki og auðkenni* [▶ 70]

Færslurnar eru vistaðar í DTCO 4.1.


ÁBENDING

Sláið skráningarnúmer rétt inn.

Aðeins er hægt að slá skráningarnúmer inn í DTCO 4.1 einu sinni.

Sláið skráningarnúmerið því inn nákvæmlega eins og það er á númeraplötu ökutækisins.

Breytingu er eingöngu hægt að framkvæma með verkstæðiskorti hjá viðurkenndu verkstæði.



Mynd 47: Beiðni um að slá inn skráningarnúmerið

- Veljið með hnöppunum **▶** / **◻** **Já** og staðfestið með hnappi **OK**. Þá birtist skjámyndin þar sem slá skal inn aðildarríki:




Mynd 48: Valkostur fyrir land

2. Veljið landsauðkenni aðildarríkisins með hnöppunum **▲** / **▼** og staðfestið með hnappi **OK**.

Forval er í boði út frá aðildarríkinu sem er skráð á fyrirtækiskortið.

Næst birtist skjámynd fyrir innslátt skráningarnúmers. Fyrsta staðan sem slá þarf inn blikkar **_**.



Mynd 49: Skráningarnúmer slegið inn

3. Veljið viðeigandi tákn með hnöppunum **▲** / **▼** og staðfestið með hnappi **OK**.

ÁBENDING

Með hnappi **ESC** er hægt að fara til baka í skrefum og leiðréttá innslátt.


- Næsta staða sem slá þarf inn blikkar **_**.

4. Endurtakið Skref 3 þar til auðkennið er slegið inn að fullu. Mest er hægt að slá inn 13 tákn.
5. Staðfestið skráningarnúmerið sem var slegið inn aftur með hnappi **OK**. Þegar staðfestingin fer fram er sjálfkrafa búin til útprintun í eftirlitsskyni:



Mynd 50: Útprintun í eftirlitsskyni

- Skráningarnúmerið birtist aftur á skjánum – þar sem hægt er að leiðrétta rangan innslátt:



Mynd 51: Staðfestingarvalkostir

6. Athugið hvort skráningarnúmerið á útprintuninni er rétt.

7. Veljið með hnöppunum **▲** / **▼**:

- Nei**, ef skráningarnúmerið er ekki rétt, og staðfestið með hnappi **OK**.

Skjámyndin fyrir skref 1 birtist á ný og hægt er að endurtaka innsláttinn.

- Já**, ef skráningarnúmerið er rétt, og staðfestið það með hnappi **OK**.

Auðkenni lands og skráningarnúmer ökutækis eru vistuð í DTCO 4.1.

Ef gera þarf breytingu, t.d. vegna breyttrar staðsetningar, skal leita til viðurkennds verkstæðis með verkstæðiskortið.

6

■ Fyrirtækiskortið tekið úr

ÁBENDING

Til að verja gögn fyrirtækisins og til varnar gegn misnotkun kortsins sjálfs ætti ekki að geyma það í ökutækinu. Aðeins er hægt að taka fyrirtækiskortið úr kortaraufinni þegar ökutækið er kyrrstætt.

ÁBENDING


Til að stjórna ADR-útfærslu þarf að vera svissað á.

Gætið að sérstökum öryggisábendingum varðandi stjórnun ADR-útfærslu í sprengifimu umhverfi. ADR-útfærsla DTCO 4.1.
→ *ADR-útfærsla (Ex-útfærsla)* [23]




Mynd 52: Fyrirtækiskort kallað fram (samsettur hnappur)

- Haldið samsettum hnappi kortaraufar-1 eða kortaraufar-2 inni í að minnsta kosti 2 sekúndur.



Mynd 53: Nauðsynleg gögn yfirfærð

- Heiti fyrirtækis birtist.
- Framvindustika sýnir hvernig skrifað er á fyrirtækiskortið.
- Beiðni um afskráningu fyrirtækis birtist.



Mynd 54: Afskrá fyrirtækið frá DTCO 4.1

1. Veljið með hnöppunum **▲**/**▼**:
 - **Nei:** Fyrirtækið er ekki afskráð og fyrirtækislásinn er virkur.
 - **Já:** Fyrirtækið er afskráð og fyrirtækislásinn er óvirkur.

Staðfestið með hnappi **OK**.

ÁBENDING

Þrátt fyrir óvirkan fyrirtækislás verða hingað til vistuð gögn fyrirtækisins óaðgengileg utanaðkomandi fyrirtæki. Hins vegar er nýskráðum gögnum ekki lengur læst.


ÁBENDING

Ábending birtist ef reglubundið eftirlit með DTCO 4.1 er í vændum eða ef fyrirtækiskort rennur út.

2. Takið fyrirtækiskortið úr kortaraufinni.
→ *Fyrirtækiskortið tekið úr* [► 72]
Skjámyndin sýnir:



Mynd 55: Venjuleg skjámynd án korta

DTCO 4.1 er aftur í vinnsluhamnum
Rekstur, táknið .

Valmyndir

Fyrsta valmyndarborð - Staðalgildi

Valmyndarborð tvö - Valmyndaraðgerðir

Service Only!

Valmyndir

■ Fyrsta valmyndarborð - Staðalgildi

► Skjámynd þegar ökutækið er kyrrstætt

Í þessum kafla er fjallað um þær valmyndir DTCO 4.1 sem hægt er að velja þegar ökutækið er kyrrstætt.

Upplýsingar meðan á akstri stendur →
Upplýsingar meðan á akstri stendur
 [40]

Útgangspunktur er venjulega skjámyndin (a) sem birtist á skjánum eftir að svissað er á (forstilling).

ÁBENDING

Þegar opið er getur valkosturinn **VDO Counter** einnig birst sem staðalskjámynd.


ÁBENDING

Valmyndir til að sýna eða prenta út upplýsingar um ökumann virka aðeins ef viðkomandi kort er í.

Þannig birtist t.d. valmyndarliðurinn **Útrentun ökumaður 2** aðeins ef ökumannskort er í kortarauf-2.

ÁBENDING

VDO Counter (*) valkosturinn er sýndur sem dæmi á myndinni hér að neðan. Lýsing á VDO Counter → *VDO Counter (valkostur)* [77]



Mynd 56: Fyrsta þrep í valmynd (*= valkosturinn VDO Counter)

7

Út frá venjulegu skjámyndinni **(a)** og viðkomandi korti í raufinni er hægt að kalla fram eftirfarandi upplýsingar með hnöppum **■** / **▼**:


- Venjuleg skjámynd **(a)** (t.d. eftir að svissað er á)
- Tvær valmyndir með upplýsingum um tíma ísettra ökumannskorta (1 = ökumaður-1, 2 = ökumaður-2)
→ *Tímar á ökumannskortinu birtir* [76]
- (VDO) = dags-/vikuáætlun með hjálp VDO Counter (valkostur)
→ *VDO Counter (valkostur)* [77]
- (UTC) = UTC-tími og dagsetning sem og tímamismunurinn sem stilltur hefur verið inn (frávik) fyrir staðartímann
→ *Staðartími stilltur* [95]
- Valmynd fyrir stillingu á tungumáli
→ *Tungumál stillt* [77]

Með hnappi **■** er farið beint aftur í venjulegu skjámyndina **(a)**.

Með því að ýta á hnapp **■** er farið á næsta þrep í valmyndinni - í Valmyndaraðgerðir.

→ *Valmyndarborð tvö - Valmyndaraðgerðir* [83]

► Tímar á ökumannskortinu birtir



Mynd 57: Gögn af ökumannskorti-1 eða -2

(a)	Tímar ökumanns-1
(b)	Tímar ökumanns-2
(1)	Aksturstími ■ ökumanns-1 frá gildum hvíldartíma
(2)	Lögbundinn hvíldartími ■ sem hlutahvíldir frá a.m.k 15 mínútum og eftirfarandi 30 mínútum, samkvæmt reglugerð (EB) 561/2006
(3)	Samtals aksturstími í tvöfaldri viku
(4)	Tími sem innstillta athöfnin hefur varað

ÁBENDING

Ef ekkert kort er ísett eru tímar sýndir - að undanskildum **(3)** - sem eiga við um síðustu skráningu viðkomandi kortaraufar-1 eða -2.

► Tungumál stillt


Í staðalútfærslu er tungumál hverrar skjámyndar á skjánum tungumál umsóknarinnar (útgefandi stjórnvalds).

Þessa forstillingu DTCO 4.1 má aðlaga að öðru tungumáli í hvaða sem er með viðeigandi stillingu.

DTCO 4.1 leggur á minnið á hvaða tungumál var stillt, með hjálp kortanúmers ísetta kortsins.

Hægt er að geyma allt að 5 tungumál.

1. Veljið með hnöppunum **▲ ▼** aðgerðina **Tunsumál veljið?** og ýtið á hnappinn **OK**.
2. Veljið umbeðið tungumál með hnöppunum **▲ ▼** og staðfestið valið með hnappinum **OK**.



Mynd 58: Tungumál valið

3. DTCO 4.1 sýnir á nýja tungumálinu það tungumáli sem vistað var.

► VDO Counter (valkostur)

ÁBENDING

VDO Counter er hægt að opna, að eigin vali.

Snúið ykkur til viðurkennds verkstæðis ef þurfa þykir.

VDO Counter (valkostur) auðveldar dags-/ vikuáætlunargerð með því birta þá aksturs- og hvíldartíma sem eftir eru.

ÁBENDING

Fara skal eftir gildandi reglum í hverju landi.

Vegna mögulegra mismunandi tólkana á reglugerð (EB) 561/2006 og AETR-fyrirmæla af hálfu eftirlitsyrivalda í

7

hverju landi, sem og frekari kerfislægra takmarkana gildir auk þess áfram óskert:

VDO Counter leysir notandann ekki undan þeirri skyldu að taka saman aksturs-, bakvaktar- og aðra vinnutíma og vinna úr þeim, til að uppfylla gildandi fyrirmæli.

Með öðrum orðum: VDO Counter telur sig ekki birta með algildum, villulausum hætti birtingu lagalegra fyrirmæla.

Nánari upplýsingar vegna VDO Counter er að finna undir www.fleet.vdo.com

ÁBENDING

Til að VDO Counter sýni réttar upplýsingar þurfa eftirfarandi skilyrði vegna úrvinnslu gagna að vera uppfyllt:

- Óslitin eftiráfærð skráning aðgerða þinna í ökumanskortið.
→ *Handvirkur innsláttur (innsláttur/ eftiráfærsla)* [58]
- Rétt stilling núverandi aðgerða - engin röng stjórnun; til dæmis engin stilling í ógáti vegna athafnarinnar


Vinnutími ❄ í stað daglegs hvíldartíma **H**.

→ *Athafnir stilltar* [55]

- Innslátturinn ferja/lest og núverandi aðgerð.

